

Sérstakt mat fyrir útboðið hjá Icelandair

Almennir fjárfestar þurfa að sýna fram á þekkingu og reynslu af áskriftarréttindum til að taka þátt í hlutafjárútboði Icelandair. Landsbankinn og Íslandsbanki þurfa að meta sérhvert tilfelli fyrir sig.

VIÐSKIPTI Almennir fjárfestar sem hafa áhuga á því að taka þátt í hlutafjárútboði Icelandair þurfa að gangast undir mat hjá Íslandsbanka eða Landsbankanum til að sýna fram á að þeir hafi tilhlýðilega þekkingu og reynslu af áskriftarréttindum sem fjármálagerningi. Þetta hefur Fréttablaðið fengið staðfest hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Eftir að hafa skoðað framkvæmd væntanlegs útboðs Icelandair komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að áskriftarréttindi (e. warrants) sem boðin verða með hlutabréfum félagsins í útboðinu, teljist flókinn fjármálagerningur. Áskriftarréttindin, sem bera 15 prósentu vexti á ársgrundvelli, gera þátttakendum í útboðinu kleift að kaupa nýja hluti í framtíðinni á sama gengi og í útboðinu sem verður haldið í næstu viku.

Lagaákvæðin sem stofnunin visar til fela ekki í sér bann við viðskiptum almennra fjárfesta með flókna fjármálagerninga, heldur leggja þau skyldur á fjármálafyrirtæki sem eru söluaðilar, að meta hvort fjárfesting í útboðinu sé viðeigandi fyrir þá sem taka þátt. Um er að ræða svokallað tilhlýðileikamat.

„Fjármálafyrirtækið metur slíkt með því að afla upplýsinga um þekkingu á og reynslu fjárfesta af áskriftarréttindum,“ segir í svari frá Fjármálaeftirliti Seðlabankans. Fagfjárfestar þurfa hins vegar ekki að fara í gegnum tilhlýðileikamat.

„Ef fjármálafyrirtækið telur fjárfestinguna ekki viðeigandi fyrir viðkomandi skal það ráða honum

» Ef banki telur fjárfestinguna ekki viðeigandi fyrir viðkomandi skal ráða honum frá viðskiptunum.

frá viðskiptunum. Þrátt fyrir slíka niðurstöðu er sá möguleiki fyrir hendi að almennur fjárfestir taki þátt í útboðinu,“ segir í svarinu.

Í útboðslýsingu Icelandair fyrir hlutafjárútboðið kemur fram að sérstakur spurningalisti sé notaður við tilhlýðileikamatið. Bankarnir þurfa að meta hvert tilfelli fyrir sig með handvirkum hætti.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst verður þetta fyrsta almenna hlutafjárútboðið hér á landi þar sem mögulegir þátttakendur þurfa að sýna fram á þekkingu sína og reynslu af verðbréfavíðskiptum.

„Við erum bjartsýn á að þetta muni ekki koma í veg fyrir þátttöku almennings og starfsmanna, enda um tiltölulega einföld viðskipti að ræða sem að flestir munu hafa skilning á, þó að lögin skilgreini þau sem flókinn fjármálagerning,“ segir í svari Icelandair við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Hluthafafundur Icelandair samþykkti í fyrradag tillögu um útboð sem verður haldið á miðvikudag og fimmtudag í næstu viku. Gert er ráð fyrir að selja nýja hluti á genginu 1 króna á hlut fyrir alls 20 milljarða. Komi til umframeftirspurnar, mun stjórn hafa heimild til að auka hlutafé enn frekar um allt að 3 milljarða, þannig að stærð útboðsins yrði að hámarki 23 milljarðar króna. – þfh

Stelpur slá á kynjahallann

LÍFIÐ Um sextíu stelpur, flestar úr 8. og 9. bekk í grunnskólum Reykjavíkur, lærðu nokkur undirstöðuatriði í kvikmyndagerð á námskeiðinu Stelpur filma! sem haldið var í Norræna húsinu í þriðja sinn í vikunni.

Erla Stefánsdóttir hjá Mixtúru, segir kvikmyndagerðarkonurnar ungu standa sig vel og þær hafi breyst dag frá degi. Þær hafi fengið leiðbeiningar og innblástur frá



Erla Stefánsdóttir, verkefnisstjóri hjá Mixtúru

reyndu kvikmyndagerðarfólki. „Við erum að reyna að slá á kynjahallann með þessu og efla stelpur, valdefla þær til að gera kvikmyndir.“ – þþ / sjá síðu 24



Jarðborinn Nasi er kominn hnarreistur á sinn stað við Bolholt. Veitur eru að vikka tæplega sextuga heitavatns-holu sem þörf var á að endurbæta, fjarlægja þrengingar og fódra að nýju. Kunnáttumenn segja að hún verði betri en ný eftir umbæturnar og vonast er til að hún verði endurvirkjuð fyrir næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nýr Škoda Superb iV

ŠKODA

Rafmagn & bensín


Verð frá 5.190.000 kr.



hekla.is/skodasalur · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · HEKLA



Veður



Norðaustan 13-20 m/s og rigning norðvestantil í dag, en annars austlæg eða breytileg átt og skúrir. Hiti 2 til 10 stig. **SJÁ SÍÐU 20**



Netöryggissveitin starfar innan Póst- og fjarskiptastofnunar.

Aflýsa jafnvel óvissustigi í dag

FJARSKIPTI Ákvörðun verður tekin í dag um hvort aflýsa eigi óvissustigi fjarskiptageirans vegna netárása. Netöryggissveit Íslands, CERT-IS, lýsti í vikunni yfir óvissustigi í fyrsta sinn vegna yfirstandandi netárása á íslensk fyrirtæki.

Síðustu helgi var gerð netárás á íslenskt fyrirtæki, ekki svo stór að hún hefði mikil áhrif. Í kjölfarið barst fyrirtækinu hótunarbréf um að gerð yrði stærri árás fyrir daginn í dag ef fyrirtækið borgaði ekki háa upphæð.

» Árás var gerð á íslenskt fyrirtæki síðustu helgi, í kjölfarið barst hótunarbréf.

Engin stór árás hafði verið gerð þegar Fréttablaðið fór í prent.

Óvissustigið felur í sér að aðgerðir eru samhæfðar milli netöryggissveitarinnar og fjarskiptafyrirtækjanna. „Fjarskiptafélögin taka upp sína viðbúnaðaráætlun og passa upp á að starfsfólk og tækjabúnaður séu tilbúin að takast á við árás ef hún kemur. Þannig getum við hjálpast að við að koma í veg fyrir að þetta hafi áhrif,“ segir Þorleifur Jónasson, forstöðumaður tækni-deildar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Óvíst er hver stendur að baki árásinni, líklegast eru það erlend glæpasamtök.

Árásirnar sem um ræðir eru svokallaðar álagsrásir, þær eru þess eðlis að of mikilli netumferð er beint á eitt fyrirtæki og trufla þannig samskiptin. „Árásin getur haft áhrif á meðan hún stendur yfir. Það má ímynda sér þjóðveg sem fyllist af bílum.“ – ab

Borgin kærir niðurrif



Hús á Skólavörðustíg 36 sem byggt var 1922 og naut hverfisverndar var í gær rífið án tilskilinnar leyfa frá borgaryfirvöldum. „Ég kæri til lögreglu í fyrramálið,“ sagði Nikulás Úlfar Músson byggingafulltrúi í Reykjavík, sem kveðst engan trúnað leggja á skýringar um að niðurrifið hafi verið óvilja-verk. „Ég held ekki að það sé rétt að þetta hafi gerst óvart eða óhapp hafi orðið. En nú verður það lögreglunnar að taka á málinu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ákærður fyrir að smána unnustu

DÓMSMÁL Mál karlmanns sem ákærður hefur verið fyrir brot gegn blygðunarsemi og störfelldar ærumeiðingar gegn fyrrverandi unnustu sinni, var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Samkvæmt ákæru, sem gefin var út í vor, er manninum gefið að sök að hafa sent þáverandi kærasta brotþola skilaboð árið 2018 þar sem hann lýsti henni sem óheildarlegri, uppnefndi hana og staðhæfði að hún hefði veitt sér munnmök á sama tíma og hún var í sambandi með honum. Þá hafi ákærði sent fjórum einstaklingum kynferðislegt myndskði af brotþola og með því sært blygðunarsemi hennar, móðgað hana og smánað.

Gerð er krafa um að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu tveggja milljóna í miskabætur til brotþola. Ekki liggur fyrir hvaða afstöðu ákærði hefur tekið til ákærunnar. Meðferð málsins fyrir dómi fer fram í lokuðu þinghaldi. – að

Leita gönguhrólfra til að rjúfa einangrun

Mikil aukning hefur verið í vinaverkefnum Rauða krossins sem rjúfa eiga félagslega einangrun. Biðlisti eftir að eignast símavin. Nú er leitað að sjálfbodaliðum til að gerast gönguvinir. Styrktarsjóður Lyfju hefur lagt verkefninu lið.

SAMFÉLAG Mikill vöxtur hefur verið í starfi Heimsóknarvina og Sí mavina hjá Rauða krossinum í COVID-19 faraldrinum. Markmið vinaverkefnanna er að draga úr félagslegri einangrun fólks. Hefur nú verið sett á laggirnar verkefnið Gönguvinir.

„Gönguvinir hafa verið til áður, þá í Mosfellsbæ, en það datt upp fyrir. Þegar COVID-19 faraldurinn stóð sem hæst sáum við að dönsku kollegar okkar voru að ná miklum árangri með þessu úrræði. Þarna sáum við tækifæri til að nálgast þennan hóp sem er einangraður. Verkefnið fer hægt af stað, það eru komin nokkur göngupör,“ segir Kristína Erna Hallgrímsdóttir verkefnastjóri félagsverkefna hjá Rauða krossinum.

„Við erum að ná til breiðari hóps af fólki en með heimsóknar- og sí mavinum. Það er meira af fólki af erlendu bergi brotið, svo er þetta gjarnan yngri fólk. Það er líka áhugi á því að vera í gönguhóp, um leið og ég er komin með þátttakendur þá stefnum við á að vera með vikulegan hóp sem myndi ganga frá Perlunni.“

Áætlað er að um 500 manns njóti félagsskapar frá sjálfbodaliðum Rauða krossins í viku hverri í vinaverkefnum.

Heimsóknarþjónusta til einstaklinga í áhættuhópi var lögð niður í vor vegna faraldursins, þess í stað var kraftur settur í símaþjónustu þar sem sjálfbodaliðar hringja í fólk á hverjum degi. „Sí mavinaverkefnið er á blússandi ferð. Aukningin er um 90 prósent. Það er mikill biðlisti því miður þar sem okkur vantar fleiri sjálfbodaliða.“

Þörun vana er ekki gerð af handa-



Gönguferðir með góðum vini geta verið allra meina bót. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það breytir svo miklu að geta talað við einhvern, þau finna hjá sér styrk til að tala við nágranna, vini og fjölskyldu, rjúfa þannig einangrunina.

Kristína Erna Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri félagsverkefna hjá Rauða krossinum



hófi. „Við tökum viðtöl við báða aðila og finnum fólk sem passar saman, miðum þá helst við áhugamál og hvar einstaklingurinn er staddur andlega.“

Kristína hefur sjálf tekið löng

símtöl til að meta þörfina. „Þetta er ekki endilega fólk sem er í sjálfskipaðri sóttkví, þetta er oft fólk með bakland sem vill ekki trufla fjölskyldumeðlimi.“

Allir styrkir eru vel þegnir til að koma verkefnunum betur á framfæri og þýða efni yfir á erlend tungumál. Styrktarsjóður Lyfju styrkir ellefu samtök í ár, þar á meðal Heimsóknarvini, Kristína segir slíka styrki skipta sköpum fyrir starfið. „Svona styrkur er mjög dýrmætur ef við ætlum að þróa verkefnið áfram. Að finna meðbyr frá samfélaginu er ómetanlegt.“

Kristína segir að verkefnið hafi skipt sköpum fyrir marga í faraldrinum. „Það breytir svo miklu að geta talað við einhvern, þau finna hjá sér styrk til að tala við nágranna, vini og fjölskyldu, rjúfa þannig einangrunina.“ arib@frettabladid.is

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

HEIMILD: PRENTMIÐLAMEJUNG GALLUP OKT-DES 2019, 12-80 ÁRA, ALLT LANDIÐ HAGSTOFA ÍSLANDS, MANNÞJÓLDATÖLUR, 2019

FRÉTTABLAÐIÐ · MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

SÝNING Á MORGUN, LAUGARDAG,
HJÁ TOYOTA KAUPÞÚNI FRÁ 12-16

NÝR PROACE CITY



Vinnudagurinn er auðveldari í Toyota Proace City. Hann er harðjagl með góða dráttargetu og mikið burðarþol. Lipur í akstri, athafnar sig vel í þröngum götum og bílastæði eru aldrei vandamál. Rúmgóðu flutningsrýminu er auðvelt að breyta í farþegarými og rúmar bíllinn þá allt að 7 manns. Proace City er fánlegur í nokkrum útfærslum sem henta bæði fyrirtækjum og stærri fjölskyldum. Komdu í Kaupþúnið á morgun, laugardag, og kynntu þér nýjan Proace City, auk annarra bíla í sístækkandi Proace-fjölskyldunni. Við hlökkum til að sjá þig. Sjá nánar á toyota.is



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570 5070

Undirbúa stóran fund í leit að leiðum til að glæða atvinnulífið

REYKJANES Verið er að undirbúa að halda stóran fund í Reykjanesbæ til að finna leiðir til að glæða atvinnulífið og minnka atvinnuleysi sem fyrst. Myndu allir helstu hagsmunaaðilar eiga aðkomu, svo sem verkalyðsfélög, samtök atvinnurekenda, Vinnumálastofnun og fleiri. Samkvæmt Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra verður fundurinn líklega í Hljómahöll og honum streymt á netinu.

„Nærri fjögur þúsund manns eru nú án atvinnu og það verður mikið atvinnuleysi í vetur,“ segir Kjartan. „Það getur enginn búið til fjögur þúsund störf á nokkrum dögum eða vikum. Þetta tekur lengri tíma og verður ekki í lagi fyrr en flugvöllurinn er kominn í gang kannski næsta sumar.“

Pangað til séu allir að vinna að því að finna lausnir hvað atvinnusköpun varðar en engin ákveðin



Nærri fjögur þúsund manns eru nú án atvinnu og það verður mikið atvinnuleysi í vetur.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri



takmörk hafa verið sett enn þá fyrir veturinn.

Atvinnuleysi og minnkað starfs hlutfall var mest í apríl, samanlagt 25 prósent og þar af 28 í Reykjanesbæ. Í sumar lækkaði hlutfallið hratt en hefur verið að rísa á ný. Í ágúst er áætlað að atvinnuleysi sé 19,4 prósent í bænum.

Ungt fólk og útlendingar eru þeir hópar sem verst hafa orðið úti. Tveir þriðju á atvinnuleysissskrá

eru undir fertugu og 54 prósent eru útlendingar, langflestir af pólskum uppruna. Kjartan segir að vafalaust muni fundarfólk taka mið af þessu.

„Þetta er ekki einfalt mál því að aðeins lítill hluti þessa erlenda hóps talar íslensku og flest störf þar sem hægt er að nýta ensku eru í ferðaþjónustu,“ segir bæjarstjórinn.

Á Suðurnesjum er 51 prósent atvinnuleysis úr ferðaþjónustu og flugsamgöngum. – khg



Foreldrar mótmæltu hækkun og samráðsleysi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Foreldrafélagið breytti stöðunni

SELTJARNARNES Bæjarstjórn Sel-tjarnarness hefur fallist á að halda áfram niðurgreiðslu skólamáltíða og mun greiða 123 kr. með hverri máltíð í vetur. Í upphafi skólaárs þurftu foreldrar á Sel-tjarnarnesi að greiða langhæstu upphæðina fyrir skólamáltíðir, 655 krónur fyrir barn í áskrift.

» Skólamáltíðir á Sel-tjarnarnesi kosta 532 krónur í stað 655.

Með niðurgreiðslunni fellur upp-hæðin niður í 532 krónur, sem er þó enn hæsta verðið á landinu.

Minnihluti Samfylkingar og Við-reisnar/Neslista gagnrýndi meirihluta Sjálfstæðismanna harðlega fyrir tug prósentu hækkun milli ára. Sérstaklega í ljósi þess að djúp kreppa er hafin og atvinnuleysi að aukast.

Það var hins vegar bréf frá foreldrafélagi Valhúsaskóla sem hreyfði við bæjarstjórn. En þar var hækkunin og samskiptaleysi um ákvörðunina hörmuð og skorað á bæjarstjóra að endurskoða ákvörðun sína.

Niðurstaðan er því sú að hækkunin milli ára er 2,55 prósentu vísitölhækkun sem minnihlutinn féllst einnig á. Var þó gagnrýnt að sama skyldi ekki ganga yfir leikskólamáltíðir sem höfðu einnig hækkað um tug prósentu milli ára. – khg

Íbúðaverð hækkar samhliða því að framboð dregst saman

Mikil hreyfing hefur verið á húsnæðismarkaðnum í sumar eftir að hann tók hressilega við sér í maí í kjölfar vaxtalækkana. Verð heldur áfram að hækka og var met slegið í hreinum, nýjum útlánnum hjá bönkunum í júlí. Skammtímaávísar benda til þess að viðskipti séu áfram mikil í sögulegu samhengi.

FASTEIGNIR „Það er enn mikið líf á fasteignamarkaðnum og verð heldur áfram að hækka. Eftirspurnin virðist vera það mikil að framboðið er ekki að ná að halda í við eftirspurnina,“ segir Ólafur Sindri Helgason, yfirhagfræðingur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS).

Stofnunin birti í gær nýja mánadarskýrslu sína um húsnæðismarkaðinn. Þar kemur meðal annars fram að 20 prósent fleiri kaupsamningum hafi verið þinglýst í júlí miðað við sama tíma í fyrra og hafa þeir ekki verið fleiri það sem af er ári. Þá var á sama tíma slegið met í hreinum, nýjum útlánnum bankanna til einstaklinga.

Líkt og undanfarna mánuði eru nánast öll ný útlán vegna fasteignakaupa óverðtryggt með breytilegum vöxtum. Aldrei hafa fleiri slík lán verið gefin út eins og í júlí, þar sem hrein ný óverðtryggt lán hjá bönkunum á breytilegum vöxtum námu rúmlega 45 milljörðum króna.

„Útlánaaukningin í júlí er það mikil að hún kemur á óvart, þetta er svakaleg aukning og hinir tveir mánuðirnir þar á undan voru metmánuðir. Það er 50 prósentu aukning milli júní og júlí,“ segir Ólafur, en samanburðargögn HMS ná aftur til upphafs ársins 2013. Samkvæmt vísitölu paraðra viðskipta mældist 12 mánaða hækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu um 7,4 prósent í júlí samanborið við 4,5 prósent í júní.

Minna framboð og aukin eftirspurn eftir eignum hefur stýtt meðalsölutíma og fer hann nú ört lakkandi. Á höfuðborgarsvæðinu



Mikil uppbygging hefur verið á íbúðarhúsnæði á Kirkjusandsreitnum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Þetta er svakaleg aukning og hinir tveir mánuðirnir þar á undan voru metmánuðir.

Ólafur Sindri Helgason, yfirhagfræðingur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar



tók að jafnaði 43 daga að selja fjölbýli í júlí og 50 daga að selja sérbýli sem er í báðum tilfellum styttra en hefur mælst frá upphafi mælinga í byrjun árs 2013. Samhliða því

hefur fjöldi auglýstra íbúða dregist saman um 18 prósent frá seinni hluta júní, að sögn HMS.

Enn á eftir að birta gögn um þinglýsta kaupsamninga í ágúst-mánuði en útlit er fyrir að ekki hafi hægt mikið á sölu á íbúðum í júlí og ágúst. „Við sjáum að okkar skammtímaávísar sýna að það er enn þá griðarleg sala í gangi,“ segir Ólafur.

Greinilegt er að mikill vöxtur í útlánnum hjá bönkunum er á kostnað lífeyrissjóðanna, en hrein, ný útlán lífeyrissjóða voru neikvæð um fimm milljarða króna í júlí. Þá hafa umsvif sjóðanna á lánamarkaði ekki mælst minni frá árinu 2008. Ólafur segir merki um að fólk sé að greiða upp húsnæðislán

hjá lífeyrissjóðunum og endurfjármagna með hagstæðari vöxtum hjá viðskiptabönkunum.

Fram kemur í skýrslu HMS að leiguverð hafi staðið í stað á höfuðborgarsvæðinu frá júní til júlí-mánaðar en lækkað um 0,7 prósent ef horft er til landsins alls. Að sögn Ólafs er nú mikið framboð af eignum á leigumarkaði, einkum á höfuðborgarsvæðinu, meðal annars vegna samdráttar í leigu til ferðamanna. Síðustu tvær kannanir HMS sýni einnig að hlutfall fólks á leigumarkaði fari nú lakkandi. „Þannig að það eru merki um það að leigumarkaðurinn sé hlutfallslega að skreppa saman.“

eidur@frettabladid.is

FYRSTU ÁRIN

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um fyrstu ár barnsins kemur út miðvikudaginn 16. september.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins. Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Kjúklingaveisla

Dagana 10.-20. september



Kjúklingabringur

1.949 kr/kg
Verð áður 2.599 kr/kg



Kjúklingalundur

2.039 kr/kg
Verð áður 2.549 kr/kg



Kjúklingavængir

374 kr/kg
Verð áður 499 kr/kg



Heill kjúklingur

697 kr/kg
Verð áður 929 kr/kg



Kjúklingaleggir

649 kr/kg
Verð áður 999 kr/kg



Kjúklingabitar

649 kr/kg
Verð áður 999 kr/kg



Af öllum Now vítamínum



Af öllum vítamínum frá Gula miðanum



Af öllum Better You munnuða vítamínum



Yfir 700 vörur á tilboði
Skannaðu kóðann og skoðaðu
glæsilegt Hagkaupsblað
um heilsu og lífsstíl.

HAGKAUP

Fleiri sjálfsvíg kalla á viðbrögð

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisráð-herra hefur ákveðið að veita Píeta-samtökunum sex milljóna króna styrk til að efla forvarnarstarf gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða.

Jafnframt á að tryggja 12 milljón-ir króna fyrir stöðu verkefnastjóra sjálfsvígsforvarna hjá landlækni út næsta ár. Aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum var samþykkt í apríl 2018 en í henni vorur tillögur um margvíslegar aðgerðir til þess að sporna gegn sjálfsvígum hérlandis.



Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Embætti landlæknis stóð fyrir fundi þeirra sem starfa við málaflokkinn 2. september. Þar kom fram að ýmis teikn séu á lofti um að yfirstandandi heimsfaraldur hafi haft slæm áhrif á viðkvæma hópa. Mikilvægt sé því að herða enn frekar baráttuna gegn sjálfsvígum. – bp



Guðmundur Ellert Björnsson í Héraðsdómi. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Staðfestu dóm fyrir barnanið

DÓMSMÁL Fimm ára fangelsisdómur yfir Guðmundi Ellert Björnssyni, fyrrverandi stuðningsfulltrúa hjá Barnavernd Reykjavíkur, stendur óhaggaður en Hæstiréttur hafnaði beiðni hans um málskot til réttarins í gær.

Dóminn hlaut Guðmundur fyrir kynferðisbrot gagnvart þremur börnum, en í tilviki tveggja þeirra var um margendurtekin brot að ræða sem stóðu yfir í langan tíma.

Í beiðni sinni til Hæstaréttar vísaði Guðmundur til þess að hann hafi verið sýknaður af öllum ákæruatriðum í héraði en Landsréttur snúið þeim dómi án þess að endurmeta sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi nema að litlu leyti.


Í niðurstöðu Hæstaréttar er vísað til þess að sakfelling í Landsrétti byggði fyrst og fremst á sönnunargildi framburðar Guðmundar sjálf, brotþola og nafngreindra vitna. Mat á sönnunargildi fyrrgreindra framburða verði ekki endurskoðað í Hæstarétti og því ljóst að niðurstaða Hæstaréttar yrði sú sama og í Landsrétti yrði málinu áfrýjað. Af því leiddi að ekki væru forsendur til að fallast á beiðnina og var henni því hafnað. – aa

Hvítbók um gjaldskrár

REYKJAVÍK Fulltrúar meirihlutans á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar hafa lagt fram tillögu um endurskoðun á gjaldskrár og greiðslukerfum fyrir skóla- og frístundastarf barna á leik- og grunn-skólaaldri.

Til grundvallar endurskoðuninni á að vera að börn hafi öruggt aðgengi að skóla- og frístundastarfi óháð efnahag foreldra. Greina á kosti og galla núverandi gjaldskrár og taka saman eins konar hvítbók þar sem verði að finna samanburð við gjaldskráruppbyggingu og stefnu annarra sveitarfélaga og nágrannalanda. – bp

Ævintýrlegur blær á himninum yfir San Francisco



Himininn yfir San Francisco-borg er sleginn myrkum roða vegna skógareldanna sem geisa í Kaliforníu-ríki. Þótt yfirbragðið sé töfrum líkast er rauðguli blærinn bein afleiðing hins mikla reyks sem umlykur svæðið og er stór hluti íbúa ríkisins sagður anda að sér menguðu lofti. MYND/GETTY

Öryggisvistun í Reykjanesbæ ætlað að þjónusta allt landið

Innan félagsmálaráðuneytisins er nú unnið að nýrri heildstæðri stefnu varðandi öryggisvistun á Íslandi. Upp hafa komið alvarleg mál tengd þeim öryggisvistunum sem nú eru til staðar, í Reykjavík og á Akureyri, og eru í íbúabyggð. Ný vistun mun þjónusta allt landið, en vistunin á Akureyri mun halda áfram.

HEILBRIGÐISMÁL Sú öryggisvistun sem byggð verður í Reykjanesbæ mun þjónusta allt landið. Stefnir er að því að hún verði tekin í notkun árið 2023. Málefni öryggisvistunar hefur verið til umræðu á undanförunum árum vegna þess hversu erfitt hefur reynt að tryggja öryggi íbúa í nágrenni við úrræðin.

Tvær öryggisvistanir taka við ósakhæfu og andlega veikum fólki sem talið er hættulegt sjálfu sér og öðrum. Önnur er í Seljahverfinu í Reykjavík og hafa miklar róstur staðið um þá starfsemi, nágrannarnir kvartað undan ónógrri kynningu og að börn þyrftu að horfa upp á sersveitarmenn teyma fólki í járnum til og frá húsinu. Þá hafa komið upp mál þar sem starfsfólk hefur orðið fyrir líkamsárásum. Í desember tilkynnti Reykjavíkurborg að hún vildi hætta rekstrinum.

Hin er á Akureyri, en þar kom upp alvarlegt mál fyrr í þessum mánuði þar sem vistmaður slapp frá gæslufólki og ræðist á átta ára gamlan dreng með kverkataki. Sú öryggisvistun er einnig í íbúabyggð, en eftir atvikið hefur verið til umræðu að færa hana.

„Reykjanesbær mun þjónusta allt landið en áfram verða rekin þjónustuúrræði á fleiri stöðum á landinu eftir þörfum hverju sinni. Það á við um Akureyri sem og aðra staði,“ segir Grétar Sveinn Theódórsson upplýsingafulltrúi félagsmálaráðuneytisins um hvort aðrar öryggisvistanir verði lagðar niður þegar sú nýja verður tekin í notkun.

Fréttablaðið greindi í sumar frá áætlunum um að byggja í Reykjanesbæ en um er að ræða mikla breytingu í málaflokknum. Húsnæðið verður sérhannað og ekki nálægt íbúabyggð. Mun það standa á 2000 fermetra lóð, 550 milljónum



Íbúar við Rangársel hafa kvartað undan því að börn sjái lögreglu teyma vistmenn í járnum. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR

Jafnframt þarf að tryggja að samfélagsþátttaka geti verið eins örugg og kostur er.

Grétar Sveinn Theódórsson, upplýsingafulltrúi félagsmálaráðuneytisins



króna verður varið í bygginguna og 350 milljónum í árlegan rekstur. Þar á meðal laun fyrir 30 starfsmenn.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar er mjög jákvæð gagnvart verkefninu en íbúar skiptast í fylkingar. Meðal

annars hafa nokkrir lögreglumenn varað við þessu í ljósi sögunnar, en aðrir bent á að starfsemin sé atvinnuskapandi fyrir svæði sem berst í bökkum.

Grétar segir að nú sé unnið að mótun stefnu um öryggisgæslu og öryggisvistun á landinu. „Í þessari stefnu verður að finna helstu áherslur í þjónustu við þá einstaklinga sem þurfa á sérhæfðri öryggisþjónustu að halda til þess að þeir geti lifað eins innihaldsríku lífi eins og kostur er. Jafnframt mun stefnan bera með sér áherslur sem ætlað er að tryggja öryggi þessara einstaklinga og þeirra sem veita aðstöðina. Jafnframt þarf að tryggja að samfélagsþátttaka geti verið eins örugg og kostur er,“ segir hann.

Þjónustuumgjörð verður búin til sem tryggir að innra starf verður af skilgreindum gæðum og ytri umgjörð til fyrirmyndar og í samræmi við alþjóðlegar áherslur.

Hvað öryggisvistanirnar í Reykjavík og Akureyri varðar segir hann þær hafa verið í stöðugri þróun. „Í því ferli hafa komið upp ýmsar áskoranir sem þurft hefur að bregðast við með margs konar hætti. Það hefur komið í ljós að styrkja þarf enn frekar faglegt innihald og umgjörð starfsins og er það verkefni skilgreint inn í þá stefnu-mótun sem fyrr er getið.“ Stuðningsþarfirnar séu oft afar flóknar og verklag þarf því að vera í stöðugri endurskoðun.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FJÖLBREYTT ÚRVAL Í NETTÓ!

KJÖTSEL

Kölnarhryggur
Með gljáa

1.799 KR/KG
ÁÐUR: 2.999 KR/KG

-40%



KJÖTSEL

Hrossafille
Grillsteik

-40%



-50%

Bayonne skinka



Ísubitar
Frá Skinney

-36%



1.196 KR/KG
ÁÐUR: 1.869 KR/KG

-30%

Nauta Rib eye
Í heilu



3.219 KR/KG
ÁÐUR: 4.599 KR/KG

Heilsuvara vikunnar!

Now D 2000
Ein 120 softgels

-25%



1.274 KR/STK
ÁÐUR: 1.699 KR/STK

-50%

Vínber
Rauð



549 KR/KG
ÁÐUR: 1.098 KR/KG

BÚÐU TIL ÞINN

BARION

BORGARA HEIMA

NÝTT Í NETTÓ!


-20%



AF NÝSLÁTRUÐU

-20%

Lambalæri, lambahryggur
og súpukjöt



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 10.–13. september

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó
Lægra verð - léttari innkaup

Enginn samningur verði Írlandsfriði stefnt í hættu

BANDARÍKIN Nanci Pelosi, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, segir Breta ekki fá neinn viðskiptasamning við Bandaríkin ef þeir brjóti útgöngusamninginn við Evrópusambandið. Halda verði friði á Norður-Írlandi.

„Föstudagssáttmálinn er hornsteinninn friðar á Norður-Írlandi og hvatning til alls heimsins. Bretland verður að virða samkomulagið um Norður-Írland við Evrópusambandið og tryggja að vöruskipti geti átt sér stað óhindrað yfir landamærin,“ sagði Pelosi í yfirlýsingu.

Ríkisstjórn Boris Johnson ræðir nú löggjöf sem myndi ganga þvert gegn útgöngusamningnum sem undirritaður var í janúar. Michel Barnier aðalsamningamaður Evrópusambandsins hefur sagt að þetta stefni öllu samningsferlinu í hættu og Bretar yfirgefi sambandið án samnings. Írar hafa mesta hagsmuni af því að halda friðinum norðan landamæra og hafa hart þrýst á að samkomulagið haldi.

Viðskiptasamningur við Bandaríkin er einn af hornsteinum í stefnu Boris Johnson eftir útgönguna.

Föstudagssáttmálinn er hornsteinninn friðar í Norður-Írlandi og hvatning til alls heimsins.

Nanci Pelosi forseti fulltrúadeildarinnar



Gagnrýnendur hafa hins vegar bent á að hann geti aldrei orðið nógu stór til að bæta fyrir það fjárhagslega tap sem verður af útgöngunni og að Bretar þurfi að slaka mjög á öryggis- og eftirlitskröfum með matvælum vegna hans.

Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur einnig talað mjög ákveðið fyrir viðskiptasamningnum. En eins og staðan er í dag er útlit fyrir að Demókratar gætu bæði hrísað forsetaembættið og öldungadeildina af Repúblikönunum í nóvember.

– khg



Grant Wagstaff með börnum sínum. Eldri dóttirin, Sarah, er næst föður sínum. Systkini hennar eru Claire og Tyler.

Matsmenn skipaðir í bótamáli eftir flugslýs

Sarah Wagstaff, dóttir Grants Wagstaff sem fórst í flugslýsi hér á landi, segir að náðst hafi samkomulag um matsmenn í dómsmáli vegna slyssins. Sarah kveðst vonsvikin yfir því hversu málið hafi dregist, en reyni að vera bjartsýn.

DÓMSMÁL „Við erum enn að biða eftir að réttarkerfið vinni sitt starf,“ segir Sarah Wagstaff, sem höfðað hefur skaðabótamál á hendur Arngrími Jóhannssyni flugstjóra líkt og móðir henna og tvö systkini.

Sarah er dóttir flugmannsins Grant Wagstaff frá Kanada sem fórst í flugslýsi í Barkárdal fyrir rúmum fimm árum, í ágúst 2015. Arngrímur Jóhannsson átti flugvélin og flaug henni er hún brotlenti, nokkru eftir flugtak frá Akureyri. Börn Grants og ekkja telja að Arngrímur beri ábyrgð á því hvernig fór og að honum og tryggingafélagi hans, Sjóvá, beri að greiða þeim bætur.

Talsverðar tafir hafa orðið á málinu, meðal annars vegna vandkvæða á að finna sérfræðinga til að aðstoða dóminn við mat á ýmsum flugtæknilegum atriðum sem tengjast því að flugvél Arngríms brotlenti og Grant Wagstaff lét lífið.

„Lögmennirnir náðu fyrir

Það lítur út fyrir að enn eitt árið verði á enda án þess að niðurstaða fáið í málið.

Sarah Wagstaff



Að því er Sarah segir er hún vonsvikin yfir því hversu mjög málið hafi dregist á langinn, í heila eilífu, að því er henni finnst.

„Það lítur út fyrir að enn eitt árið verði á enda án þess að niðurstaða fáið í málið. Hins vegar er ég að reyna að vera bjartsýn áfram. Við erum í miðjum heimsfaraldri og ég veit að það hefur hægt verulega á málum á þessu ári,“ segir Sarah Wagstaff.

Þeir Grant og Arngrímur hugðust flytja sjóflugvél í eigu Arngríms vestur um haf til að selja hana. Komið hefur fram að þegar lagt var upp frá Akureyri var flugvél innfloppuð. Lágskýjað var við Eyjafjörð þennan dag og í stað þess að fylgja varaáætlun og fljúga fyrir Tröllskaga, í stað þess að fljúga yfir fjallgarðinn, lá leiðin inn í Barkárdal þar sem vélin fórst. Eldur kom upp í vélinni og komst Arngrímur slasaður út við illan leik en Grant ekki.

gar@frettabladid.is

Sundbann vegna krókódíls í þýskri á

ÞÝSKALAND Sundbann hefur verið sett á í ánni Unstrut í Þýringalandi í Mið-Þýskalandi eftir að lögreglunni bárust tilkynningar um að krókódill hefði sést í ánni. Lögregla og slökkvilið á staðnum hafa leitað með hitamyndavélum og bæði þylum og drónum hefur verið flogið yfir ána. Skepnar hafa þó ekki enn fundist.

Lögreglan hefur sent tilkynningar í farsíma allra íbúa í nágrenninu og varað þá við ánni. Tilkynningar hafa einnig verið lesnar upp í útvarpi. Auk sundbanns hafa allir göngu- og hjólræðastigar með fram ánni verið lokaðir.

Ekki hefur enn þá verið staðfest að krókódill sé í ánni en tilkynningarnar komu á svipuðum tíma og allar úr sitt hvorri áttinni. Í ágústmánuði barst einnig tilkynning



Leitað er með hitamyndavélum og drónum. MYND/GETTY

um krókódil í Unstrut. „Við tökum þetta mjög alvarlega,“ sagði slökkviliðsstjórinn Jonas Weller.

Meðal þeirra sem segjast hafa séð krókódil er hrossaræktandi frá bænum Schöneverda. Hafi dýrið

legið opinmynt á bakkanum en síðan hörfað ofan í ána. Þá sáu stangveiðimenn í ánni sér til mikillar skelfingar hreistrugan hala sveiflast til og frá á yfirborðinu.

– khg

KRONAN

Hjá bónda í gær...
... hjá okkur í dag

Bænda markaður um helgina!

f i A Afgreiðslutímar á www.kronan.is

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is



1599.-



990.-



1990.-



10. - 27. SEPTEMBER

BÓKA MARKAÐURIN í Hörpu



OPIÐ
KL. 12 - 20
ALLA DAGA

ÓTRÚLEGT ÚRVAL • ÞÚSUNDIR TITLA



1599.-



2490.-




990.-




3990.-




1590.-



2990.-



2490.-



2999.-

SKOÐUN

Stór ákvörðun

Hörður
Ágísson

hordur@frettabladid.is

Lífskjör á Íslandi, sem er lítið opið hagkerfi, ráðast af þeim gjaldeyri sem útflutningsatvinnuvegir skapa hverju sinni. Við erum minnt óþægilega á þessi sannindi, sem vilja stundum gleymast hjá stórum hópi fólks, nú þegar gjaldeyriskjör þjóðarbúsins eru að dragast stórkostlega saman af völdum farsóttar.

Óþarfi er að fjölyrða um áhrifin af þeirri misráðnu ákvörðun að loka í reynd landamærunum í líðnum mánuði. Ferðaþjónustan, okkar stærsta útflutningsgrein, hefur þurrkast út. Aðrar greinar, einkum orku-frekur iðnaður og sjávarútvegur, horfa upp á tekjufall og þá hjálpar ekki til að sum útflutningsfyrirtæki, einkum útgerðarfélög, hafa setið á gjaldeyri – í stað þess að skipta honum yfir í krónur – vegna væntinga um frekara gengisfall. Þetta er áhyggjuefni. Haldi þessi þróun áfram, þar sem er nánast einstefna í gjaldeyrisflæði frá landinu, eru afleiðingarnar fyrirsjáanlegar. Gengið heldur áfram að lækka, jafnvel þótt Seðlabankinn gangi enn á gjaldeyrisforðann, og verðbólguvæntingar fara í kjölfarið hækkandi, sem aftur kann að grafa undan trúverðugleika peningastefnunnar.

Erfitt er að sjá fyrir sér annað en að gengi krónunnar verði undir þrýstingi þar til ferðaþjónustan nær sér aftur á strik – sem enginn veit í raun hvenær verður. Þar ræður mestu hvenær dregið verður úr sóttvarnaráðstöfunum þegar faraldrinum linnir, bæði hér heima og erlendis, og eins hver örlög Ícelandair verða. Það gæti skýrst í næstu viku þegar flugfélagið efnir til 20 milljarða hlutafjárútbóðs. Hvort það takist, sem allir hljóta að vonast eftir, stendur án efa og fellur með lífeyrissjóðunum, langsamlega stærstu fjármagnseigendum landsins í krafti mikils skyldusparnaðar almennings.

Eðlilega eru uppi ólík sjónarmið hvort sjóðirnir eigi enn á ný að koma að endurreisn Ícelandair enda óumdeilt að fjárfestingin er afar áhættusöm. Öðrum stórum fjárfestum er ekki fyrir að fara og ljóst að lífeyrissjóðirnir, með eignir upp á 5.350 milljarða, þurfa að meta þátttöku sína með hliðsjón af því hvaða áhrif niðurstaða útbóðsins – á hvorn veginn sem hún verður – gæti haft á aðrar fjárfestingaeygnir þeirra. Raunveruleikinn er sá að viðspyrna íslensks efnahagslífs, þegar ferðaþjónustan kemur til baka, verður önnur og kraftminni ef Ícelandair hverfur af sjónarsviðinu. Það er í senn óskhyggja og einfaldni þegar því er haldið fram að önnur flugfélög, íslensk eða erlend, gætu fyllt upp í skarð Ícelandair með sama hætti á skömmum tíma. Svo er ekki.

Það eru stórar ákvarðanir sem biða lífeyrissjóðanna. Á sama tíma og útböð Ícelandair fer fram rennur úr gildi samkomulag þeirra við Seðlabankann um hlé á gjaldeyriskaupum. Þýðir það að sjóðirnir munu á ný fara að fjárfesta erlendis í stórum stíl með tilheyrandi þrýstingi á gengið? Tæplega. Þeir munu fara sér hægt við þessar aðstæður. Með endurkomu lífeyrissjóðanna á gjaldeyrismarkaðinn, sem hefur einkennst af krónisku útlæði, biður Seðlabankans erfitt verkefni. Viðbragði bankans í fyrradag, um að vera reiðubúinn að selja allt að 240 milljónir evra inn á markaðinn til ársloka, var vel tekið og krónan styrkist verulega. Sú ráðstöfun mun hins vegar ein og sér breyta litlu og aðeins duga til að hægja á gengisveikingunni þegar fram í sækir. Við siglum inn í þungan vetur.

Halldór



Raunveruleikinn er sá að viðspyrna íslensks efnahagslífs [...] verður önnur og kraftminni ef Ícelandair hverfur af sjónarsviðinu.

Frá degi til dags

Bráðger

Allir helstu matgæðingar Íslands hafa kvartað undan því að heimilisbrauð eins stærsta bakaraofns landsins sé að spillast fyrir best fyrir dagsetninguna. Almannatengill bakaraofnsins brást snögglega við og sagði að þrátt fyrir að bakaradregurinn væri meðvitaður um þessa myglu lægi ekki fyrir hver orsökina væri. Ef til vill væri gerðið sem notað er í brauðið svokallað bráðger. Hvatti hann brauðneytendur og aðrar endur til að láta vita hið snarasta ef það verður vart við Strumpapörp á brauðinu. Brýnna tilefni til að merkja myndafærslur á samfélagsmiðlum með myllumerki mun seint finnast.

Vonlaus vernd

Hús sem stóð við Skólavörðustíg er ekki lengur til eftir að það var rífið í gar. Á meðan sleggjur, brotkúlur og dýnamit mölvaðu það í sundur baðst húsið veikum rómi vægðar og sagðist njóta verndar byggðamynsturs. Það dugði þó ekki til og stendur eftir auð lóð þar sem skemmdarvargurinn, eigandi hússins, segir að það verði reist aftur í upprunalegri mynd. Verndun byggðamynsturs skipar sér svo sess nærri frönsku Maginot-línunni og Tai Chi þegar kemur að því að vera fullkomlega gagnslaus vörn. arnartomas@frettabladid.is

Nemendur eru lykillinn

Lilja
Alfreðsdóttir
mennta- og
menningarmála-
ráðherra

Samfélög um allan heim hafa tekist á við áskoranir vegna heimsfaraldursins og gripa þurft til forðamálausa aðgerða. Í gær var haldið sameiginlegt málþing Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólasamfélagið á þessum tímum. Viðhorf skólasamfélagsins hefur verið aðdáunarvert og verkefnið hefur verið leyst með umburðarlyndi og þrautseigju að vopni. Allir voru sammála um að af COVID-19 megi draga mikilvægan lærdóm, en nokkur atriði standa upp úr:

Leik- og grunnskólar voru opnir í um 90% tilfella. Kennsla á framhalds- og háskólastigi fór alfarið í fjar-kennslu. Almennu voru skólastjórnendur, kennarar, nemendur og foreldrar ánægð með hvernig staðið var að skólalaldi. Stór hópur kennara segir að tæknin hafi nýst vel og að allur aðbúnaður hafi staðist kröfur. Að sama skapi sé ljóst að álag hafi aukist vegna stöðunnar.

Fulltrúar allra skólastiga voru sammála um að hlúa þurfi sérstaklega að hópi barna og ungs fólks sem hefur veikt bakland. Það ætlum við að gera og verður það eitt af okkar forgangsmálum á komandi vetri.

Við ætlum að lágmarka neikvæð félagsleg áhrif af faraldrinum. Við ætlum að forgangsraða í þágu menntunar og tryggja að sem mest staðnám sé í boði, til að minnka brottfarfshættu. Rannsóknir sýna að þegar skólalald er takmarkað, þá skerðist þjónustan mest hjá þeim sem þurfa mestan stuðning.

Ég er bjartsýn á að við finnum leiðir til þess að stuðla að öflugri skólastarfi í vetur. Það gerum við með því að vera í góðu samstarfi við skólastjórnendur, kennara og nemendur. Samband íslenskra framhaldsskólanema og Landssamtök íslenskra stúdenta eru okkar helstu samstarfsaðilar. Í bígerð er að efla enn frekar samstarf við nemendur til þess að ákvarðanir séu í auknum mæli teknar, þar sem þeirra mat og viðhorf hafa skýra aðkomu. Ég hlakka til samstarfsins. Í sameiningu náum við betur utan um velferð samfélagsins til lengri tíma.



Fulltrúar
allra skóla-
stiga voru
sammála um
að hlúa þurfi
sérstaklega að
hópi barna og
ungu fólks
sem hafa
veikt bak-
land.

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
www.bjornsbakari.is





AUSTURHÖFN

101 REYKJAVÍK

Heimsborg við höfnina

Óviðjafnanlegar íbúðir í nýju hafnarhverfi

Austurhöfn er ný byggð við hlið Hörpu í hjarta miðborgarinnar. Íbúðirnar setja ný viðmið á Íslandi í innanhússhönnun og efnisvali.

Í Austurhöfn er aukin þjónusta við íbúa. Íbúðum fylgja sér bílastæði og í mörgum þeirra opnast lyfta beint inn í íbúðina.

Finndu þína íbúð á
www.austurhofn.is

Hafðu samband
og bókaðu skoðun

MIKLABORG

Sími 569 7000
austurhofn@miklaborg.is

Lífsþorsti og harmleikur



Pröstur Ólafsson
hagfræðingur

Bryndis hefur skrifað bók. Bryndis Schram. Nafn bókarinnar: Brosað gegnum tárin. Þetta er litskrúðug bók. Vel skrifuð, frásögnin lifandi og fjölbreytt. Svið atburðanna og tími á reiki. Skyndilega ertu þátttakandi í átökum á Balkanskaga, rétt stigin út úr dyrunum á Vesturgötu. Glefsur úr ferðalögum og frásagnir af atburðum úr viðburðaríku lífi Bryndísar og Jóns Baldvins (JBH) eru viðlag bókarinnar. Þar er ýmislegt nýtt að finna.

Bókin er blanda upprifjara sælla minninga og sársaukafull frásögn af hatri, illmælg og loks útskúfun. Þetta er bók um harmsöguleg örlög sem eru ofin inn í gleði og ástríður. Bókin fjallar um harmleik. Við lestur bókarinnar för um mig geigur; einhver dulin örvænting var á kreiki bak hverri setningu. Skrifin eru drifin áfram af sársauka og örvæntingu samfara miklum lífsþorsta. Nistandi harmur dansar tangó í gighólum. Lífið er dans á rósum, ýmist með eða án þyrna. Bryndis er eirðarlaus í frásögn sinni. Hún stendur í ljósum logum.

Hún rekur rögburð, útbreiddar lygar, áburð um kynferðisáreitni og haturslaðnar sögusagnir um Jón Baldvin og þau bæði í samfelld 60 ár. Sá sem þetta skrifar minnst rögs í garð JBH strax á sjöunda áratugnum, skömmu eftir frægan Tónabíöfund. Honum linnti aldrei. Það hafa margir, ekki hvað sist úr efri lögum



Þegar einstaklingar verða fyrir áratugalöngu einelti og að lokun útskúfun, þá breytist lífsþorsti og lífsnautn í lífsháska og martröð.

samfélagsins safnað glóðum elds að höfði þeirra hjóna. Hvað olli þessu banvæna umtali? Var það öfundin? Ragnar í Smára sagði, að ef við gætum virkjað öfundina hér á landi, þyrftum við ekki aðra orku. Sjálfsöryggi þeirra hjóna var áberandi og stundum ekki laust við ágengni.

Bryndis glæsileg, óvenju frjálsgleg og hispurslaus. Vakti athygli hvar sem hún kom. Var á hvers manns vörum. Jón Baldvin afburða stjórnmálamaður, orðhvass og fylginn sér. Hann var að framkvæma timamótaverk sem aðra gat ekki dreynt um. Skuggi hans var langur. Hann féll á marga. En illskan kom einnig innan frá, úr eigin fjölskyldu. Það var sárast.

Í framhaldi af smekklausu dónaþréfi, lá Jón Baldvin vel við höggi. Frægur hér sem erlendis, öfundaður í hærri kreðsum, rægður meðal almennings. Hann var kjörð fórnarlamb, fordæmið sem átti að hræða aðra. Skyndilega birtust nafnlausar ásakanir um lendakáf og aðra vansæmandi hegðun, atvik sem flest áttu að hafa gerst fyrir hálfri öld og þóttu í þá tíð ekki ámælisverð, þótt ósæmileg væru. Skyldu ekki margir jafnaldrar hans eiga skilið sama útleigðardóm og hann? Glæpur JBH

var síður fölginn í því sem hann var sagður hafa gert, heldur í því sem Jón Baldvin var. Frægur, umtalaður, dádur. Tekist hefur að innræta þjóðinni, að fátt ef nokkuð sé svo slæmt að JBH gæti ekki hafa verið þar að verki – allt frá landráðum til barnaniðs. Undir lokin tóku þjóðarfélmiðlar undir fordæminguna og smjöttuðu. Um róg og nafnlausan áburð verður ekki rökrætt. Það er eins og sambönd við framliðna, tilveru álfa, jötna eða drauga. Flokkast undir átrúnað. Kannski erum við sem þjóð nokkuð auðtrúa. Látum ginnast fremur af því óræða en að halda á lofti skynsemi og raunhæfi.

Þegar einstaklingar verða fyrir áratugalöngu einelti og að lokun útskúfun, þá breytist lífsþorsti og lífsnautn í lífsháska og martröð. Það er niðurstaða bókarinnar. Þessa bók leggur enginn frá sér í kæruleysi. Hún situr kyrr. Lesið hana. Lesið hana alla.

Góð samskipti milli Kína og Bandaríkjanna eru til hagsbóta fyrir frið og framþróun í heiminum



Jin Zhijian
sendiherra
Kína á Íslandi

Undanfarið hafa sumir bandarískir stjórnmálamenn ráðist að kommúnistaflokki Kína og hinu kínverska stjórnmálakerfi. Þeir hafa visvitandi bjagað, og jafnvel reynt að afskrifa hátt í 50 ára sögu samskipta milli Kína og Bandaríkjanna. Þeir hafa seilst langt til að útmála Kína sem andstæðing, og reynt að draga samskipti Kína og Bandaríkjanna inn í átök og ósætti sem hefur vakið athygli umheimsins. Það hvernig Kína og Bandaríkin kjósa að haga sín um samskiptum hefur ekki einungis áhrif á sameiginlega hagsmuni landanna beggja, heldur hefur einnig áhrif á frið og framþróun í heiminum öllum.

Fyrir rúmlega 40 árum hand-söluðu leiðtogar Kína og Bandaríkjanna samkomulag þvert yfir hið stóra Kyrrahaf. Það sem gerði

samkomulagið mögulegt var að ríkin sýndu hvort öðru gagnkvæma virðingu og leituðu að sameiginlegum snertiflötum, í stað þess að einblína á hugmyndafræðilegan ágreining. Í þau rúmlega 40 ár sem eru liðin hafa ríkin dýpkað sambandið milli sín og kynslóðir Kinverja og Bandaríkjamanna hafa unnið að því að styrkja samstarfið. Árangur þessa er að hin tvíhliða bönd hafa myndað eitthvert dýpsta og sterkasta diplómatiska samband milli ríkja í heiminum, sem byggir á breiðri samvinnu og sameiginlegum hagsmunum. Heildarmagn vöruskipta hefur aukist 250 falt síðan á fyrstu dögum hinnar diplómatisku samvinnu, og er nú um einn fimmti af heildarviðskiptum heimsins. Tvíhliða fjárfestingar hafa farið frá því að vera nálægt núlli, upp í að vera um 250 milljarðar Bandaríkjadala og fjöldi heimsókna á milli landanna er nú um 5 milljónir manns á hverju ári.

Löndin tvö hafa staðið saman og mótað sameiginlega stefnu í fjölmörgum málum, eins og til dæmis málefnum Kóreuskagans, og mállefnum Afganistans og Mið-Austurlanda, sem hefur skilað gríðarlegum ávinningi til íbúa þessara svæða og sem framlag til friðar, stöðug-



Kína og Bandaríkin ættu að vinna saman að nýju líkani þar sem samskipti milli stórvelda einkennist af átakaleysi, án árekstra, gagnkvæmri virðingu og öllum til hagsbóta, og stuðla að bættum samskiptum Kína og Bandaríkjanna, með samþættingu, samvinnu og stöðugleika.

leika og velsældar heimsins. Fyrri reynsla sýnir að Kína og Bandaríkin hagnast bæði á samvinnu, og tapa bæði með átökum. Samvinna er því besta leiðin fyrir báða aðila. Heimurinn stendur nú frammi fyrir einhverju mesta umröti sem hefur orðið í næstum heila öld, sem hefur einungis aukist vegna hinnar hröðu útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins. Mannkynið verður því enn og aftur að taka erfiðar ákvarðanir varðandi framfarir eða afturför, samstöðu eða sundrunu, og opnunar eða lokunar. Í alheimsvæðingu nútímans

eru öll lönd jarðar efnahagslega samtvinnuð. Framfarir verða í vísindum og tækni á hverjum degi. Mannkynið stendur nú frammi fyrir sameiginlegri framtíð í veröld sem er orðin að alheimsporpi, þar sem löndin reiða sig á hvert annað. Hið svokallaða „Nýja kalda stríð“ milli Kína og Bandaríkjanna mun einungis steypa veröldinni aftur í heim öreidu og sundrungar, sem er andstætt þeirri samvinnuþróun sem er í gangi nú um stundir og vinnur gegn hagsmunum allra aðila.

Grundvallarspurningin varðandi samskipti Kína og Bandaríkjanna er: þar sem Kína hefur komið sér fyrir í alþjóðasamfélaginu, hvernig líta Bandaríkjamenn á þá stöðu? – og hvort þeir muni samþykkja hina hröðu þróun sem hefur orðið í Kína? Eru Bandaríkin tilbúin til að búa með Kína, sem hefur aðra sögu, menningu og stjórnmálakerfi? Munurinn, eða árekstrarnir milli Kína og Bandaríkjanna eru ekki barátta um völd, stöðu eða hugmyndafræði, heldur snýst þetta um áframhaldandi fjölbjóðahyggu eða einhliðahyggu, og stuðlar að þeirri hugmynd að skapa ávinning fyrir alla með samvinnu eða núllvirðisleik (e: zero sum game) þar sem allir tapa. Löndin

tvö ættu að nýta sér kosti hvors annars í staðinn fyrir að rífa hvort annað niður og samþætta sig í stað þess að einangra sig frá hvort öðru og ættu að stuðla að frjórri samvinnu, báðum til hagsbóta, í stað þess að skapa árekstra og ósætti. Í því ástandi sem nú ríkir, þar sem faraldurinn æðir áfram með efnahagsáföllum um víðan völl, ættu Kína og Bandaríkin að taka réttar ákvarðanir. Kína og Bandaríkin ættu að vinna saman að nýju líkani þar sem samskipti milli stórvelda einkennist af átakaleysi, án árekstra, gagnkvæmri virðingu og öllum til hagsbóta, og stuðla að bættum samskiptum Kína og Bandaríkjanna, með samþættingu, samvinnu og stöðugleika. Kína mun leggja mikið á sig til að svo megi verða.

Það er ákall almennings og í takti við tíðarandann að standa vörð um stöðug samskipti milli Kína og Bandaríkjanna. Við óskum þess einnig að öll ríki taki skynsamlegar ákvarðanir og leitist við að koma einhverjum stöðugleika á í þessari flóknu og sibreytilegu veröld okkar. Sameinuð getum við skapað opna, samhenta, hreina og fallega veröld sem nýtur friðsamlegra samskipta, alþjóðlegs öryggis og almennrar velsældar.

Læsi til framtíðar



Guðmundur Andri Thorsson
þingmaður
Samfylkingarinnar



Hermundur Sigmundsson
prófessor

Ekki fer á milli mála að hefðbundinni lestrarkunnáttu hefur hrakað almennt hér á landi á undanföllum árum. Það á sér margvíslegar skýringar, ekki sist

í breyttum þjóðfélagsháttum, og helst í hendir við aukið tölvulæsi í mörgum tilvikum. Það er hins vegar misskilningur sem stundum verður vart að tölvulæsið – færni í tölvu-notkun – komi í staðinn fyrir læsi á ritað mál. Lesblindir einstaklingar hafa reyndar ýmsa eiginleika sem vega upp þá færni sem lesturinn gefur en vert er að hafa í huga að lesblindar er ekki hið sama og ólæsi. Það er til mikils að vinna að sporna gegn þessari þróun, bæði fyrir einstaklinga og samfélag.

Það ætti að vera markmið okkar að 80-90% barna séu fulllæs eftir 2. bekk og eftir það fái börnin verkefni við hæfi sem miðast við getu þeirra og færni og skapa áhuga á bóklestri, því eins og við vitum er vandfundið betra app en bókinn.

Stórauka þarf þjálfun sem miðast við að tengja bókstafina og hljóðin í byrjun lestrarkennslunnar. Fræðimenn telja að sjálf myndin, formið á bókstafnum, verki á hægri heilahvelið en hljóðið sé myndað í



Fátt jafnast á við slíkar samverustundir, og varasamt er að álita að barn með YouTube-myndbönd á iPad – jafnvel þótt fylgst sé með þeim myndum – sé jafn vel sett og hitt sem lesið er fyrir.

vinstra heilahveli, þannig að tenging bókstafs og hljóðs styrkir gagnvirk tengsl heilahvelanna, skapar og þróar net af taugafrumum. Markviss þjálfun þessara tengsla er gríðarlega mikilvæg fyrir börn sem eru að vaxa. Lestur er sérlega góð leið til að þroska þetta flæði milli heilahvela og vel fallin til þess að efla hæfileikann til að hugsa á

abstrakt hátt eins og það er kallað – í hugtökum, líkingum og tengingum. Hér þarf sérstaklega að huga að drengjum, en ólæsi meðal þeirra hefur vaxið ískyggilega mikið á undanföllum árum, svo að í óefni stefnir.

Samhliða þessu þarf að stór-efla þjálfun barna og unglinga í almennri meðferð tungumálsins; ekki endilega með orðflokkgreiningum og stafsetningargildrum til að skilja sauðina frá höfrunum heldur með því að þjálf þau í að orða hugsanir sínar og festa á blað. Þar má hugsa sér skapandi skrif, sem geta falist í að skrifa litlar svipmyndir úr daglega lífinu, persónulýsingar á fólki kringum sig, fanga hughrif í ljóðum eða skrifa litla pistla um álitamál – möguleikarnir eru óteljandi, en fyrst og fremst þurfa börnin að skynja og upplifa þá gleði sem falist getur í því að beita tungumálinu – sínu eigin tungumáli – sem tæki til að ná valdi á fyrirbærunum með því að koma

þeim í orð og skilja eigin kringumstæður. Ungt fólk á ekki að þurfa að upplifa móðurmálið sitt sem ókleifan múr eða stórhættulega þrautabrátt. Þau þurfa að læra að íslenska er ekki útlenska – heldur málið þeirra.

Foreldrar þurfa að vinna markviss með málörvun, sem fæst með því að tala eins mikið og maður mögulega getur við börnin – þannig nemur barnið orðin og setur í kerfi í sínum frjóa og móttækilega heila – og síðan lesa fyrir börnin þannig að þau sjái bókina á meðan og fylgist með, horfi á stafina og tenging myndist milli hljóða og orða. Fátt jafnast á við slíkar samverustundir, og varasamt er að álita að barn með YouTube-myndbönd á iPad – jafnvel þótt fylgst sé með þeim myndum – sé jafn vel sett og hitt sem lesið er fyrir.

Það eru réttindi barnanna að fá eins góða lestrarkennslu og völ er á. Það skilar sér síðan í betra samfélagi.



FÖSTUDAGUR 11. SEPTEMBER 2020

Lífsstíll

Blanda af dauða og barokki

Mario Infantes Ávalos féll fyrir Íslandi og flutti hingað án þess að hafa vinnu eða neinar áætlanir. Nú er hann í tveimur vinnum og hljómsveitin hans, Cult of Lilith, var að gefa út sína fyrstu breiðskífu hjá einum stærsta útgefanda heims. ➔2



FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



Fylgstu með!

Spánverjinn Mario Infantes Ávalos hefur skapað sér gott líf á Íslandi eftir að hann kom hingað án atvinnu og áætlana. Hann er meðal annars söngvari hljómsveitarinnar Cult of Lilith, en sveitin var að gefa út plötu hjá Metal Blade Records, sem hefur vakið mikla athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Framhald af forsiðu ➔

Mario Infantes Ávalos er söngvari þungarokksveitarinnar Cult of Lilith, sem landaði nýlega útgáfusamningi hjá einu stærsta útgáfufyrirtækinu í þungarokki, Metal Blade Records, og var að gefa út sína fyrstu plötu, Mara, fyrir viku. Platan hefur hlotið mikið lof og komið mörgum á óvart.

Mario er frá Spáni, en hann býr í miðbæ Reykjavíkur með kærustunni sinni. Hann vinnur með börnum á fristundaheimilinu Guluhlíð og starfar einnig sem nuddari í hjáverkum, en áður var hann í fullri vinnu sem nuddari.

„Ég lærði Shiatsu-nudd, sem er japönsk nuddtækni, og hef verið að starfa við það, en nýlega skipti ég um vinnu og fór að vinna á Guluhlíð. Það er ágætt að taka smá hlé á nuddinu og vinna þarna ásamt því að sinna verkefnum fyrir hljómsveitina,“ segir Mario. „Það er samt frábært að vera nuddari og mér finnst eins og nudd sé hluti af menningunni hér og Íslendingar kunni að meta það. Í öðrum löndum fer fólk bara til nuddara þegar það er hætt að geta gengið, en hér skilur fólk að nudd getur viðhaldið góðri heilsu. Það er góð tilfinning að finnast maður vel metinn.“

En ég elska líka að starfa á Guluhlíð, það kom mér á óvart hvað mér finnst þetta skemmtilegt,“ segir Mario. „Ég er að vinna með börnum með ólíkar áskoranir, eins og einhverfu og Asperger og mér finnst mjög heillandi að heyra hvað þeim finnst og hvernig þau sjá heiminn.“

Vissi að hann yrði ánægður hér

„Ég elska að búa í Reykjavík, en ég flutti hingað án þess að vita neitt um aðstæður. Ég var ekki með vinnu eða neitt, ég hoppaði bara um borð í flugvél fyrir fjórum árum síðan og kom hingað,“ segir Mario. „Ég get eiginlega ekki útskýrt það, það er skritið hvernig maður tengir við suma staði, en ég var viss um að ég yrði ánægður herna.“

Ég hef alltaf haft áhuga á afskekktum stöðum og ég uppgötvaði Ísland fyrir áratug og varð strax ástfanginn af landinu,“ segir Mario. „Ég kom í heimsókn og varð heltekinn af landinu og vissi einhvern veginn að ég myndi enda herna, sem hljómar kannski furðulega þar sem ég er frá Spáni.“

Mario hefur töluverða reynslu sem söngvari frá heimalandinu og eftir að hann flutti hingað leitaði hann að nýrri hljómsveit. „Daniel Þór Hannesson (gitarleikari Cult of Lilith) bauð mér að ganga til liðs við sveitina og ég var til, en eina skilyrðið sem ég setti var að



Það var pródúsént plötunnar Mara sem sendi lög Cult of Lilith til Metal Blade Records. Þeir héldu að hann væri bara að hæla þeim þegar hann sagði að útgáfan þyrfti að heyra þessi lög, en nokkrum vikum síðar var þeim boðinn útgáfusamningur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ég fengi að gera hvað í fjandanum sem mig langaði að gera með söng-inn,“ segir hann.

Ekki dópsali eða morðingi

Mario er 32 ára og fékk sér fyrsta húðflúrið þegar hann var 17 ára. Síðan hefur þeim fjölgað töluvert.

„Fyrsta húðflúrið mitt var Rammstein-merkið á öxlina, en það er ein af mínum uppáhalds-hljómsveitum. Um síðustu jól ákvað ég svo reyndar að sverta allan handlegginn, þannig að það er horfið núna. Það var ekki létt ákvörðun,“ segir Mario og hlær. „Ég hef alltaf séð fyrir mér að vera með mörg húðflúr. Sum þeirra hafa mjög mikla merkingu fyrir mig og tengjast atburðum í lífi mínu, en önnur eru bara skraut. Ég vil bæði skreyta heimilið mitt og mig sjálfan með listaverkum. Ég veit að ég er ekki með dæmigerð húðflúr, en ég er líklega bara skritinn gaur. Ég á líka eftir að bæta við fleirum.“

Mario segir að húðflúrin hafi óhjákvæmilega áhrif á framkomu fólks. „Reyndar er ein af ástæðunum fyrir því að ég vil búa hér sú, að fólki er yfirleitt skítsama. En ég var að vinna á spa árum saman

„Auðvitað má segja að mesta velgengnin sem við höfum náð sé samningurinn við Metal Blade, en fyrir mig var það að hlusta á lokamixið af plötunni og vera 100% ánægður í fyrsta sinn á 16 ára ferli mínum í tónlist.“

og vann mikið með öldruðum og margir þeirra voru svolitíð sjokkeraðir fyrst, en eftir nuddið sér maður mikla ánægju. Fólk er ánægt með að losna við sársauka, en líka með að fordómar þeirra stóðust ekki. Ég er ekki dópsali eða að fara að stinga þau í bakið í miðju nuddi, heldur er ég bara mjög ljúfur náungi,“ segir Mario hlæjandi. „Það er mjög gaman að hjálpa fólki að komast yfir fordómama.“

Ég óttaðist að fólk myndi stara mikið á mig þegar ég fékk mér húðflúr í andlitið og það gerist alveg, en yfirleitt er það bara af forvitni, en ekki til að dæma mig. Suma daga langar mig reyndar ekki í þessa athygli, en aðra daga er mér alveg sama. Þetta venst,“ segir hann.

Vélrænt dauðabarokk

„Það sem Cult of Lilith vill fyrst og fremst gera núna er að búa til tónlist sem við viljum hlusta á,“ segir Mario. „Auðvitað má segja að mesta velgengnin sem við höfum náð sé samningurinn við Metal Blade, en fyrir mig var það að hlusta á lokamixið af plötunni og vera 100% ánægður í fyrsta sinn á 16 ára ferli mínum í tónlist. Það var augnablikið þegar ég „meikaði það“.“

Okkur finnst ekki þægilegt að vera niðurnjörvaðir í afmarkaðar tónlistarstefnur þannig að við köllum tónlistina okkar „necro-mechanical baroque“, eða vélrænt dauðabarokk,“ segir Mario.

„Tónlistin er þétt eins og vél þar sem allir hlutarnir vinna saman, „necro“ hlutinn kemur frá því að við fjöllum um sterkar tilfinningar og erfiða hluti og barokkið kemur inn því það er ákveðinn glæsi-bragur á ýmsu í tónlistinni og útliti hljómsveitarinnar.“

Mario er líka textahöfundur sveitarinnar. „Mér finnst eins og ég hafi fundið minn stíl og hann gengur út á að lýsa tilfinningum og upplifunum með léttum fantasíublæ,“ segir hann. „Ég skrifa um það sem hreyfir við mér og mér finnst nauðsynlegt að skrifa frá hjartanu. Það var góð sálfræðimeðferð að vinna þessa plötu.“

Treyst í blindni

Það er skemmtileg saga á bak við það hvernig Cult of Lilith landaði útgáfusamningnum hjá Metal Blade Records.

„Við sendum plötuna okkar til pródúsents í Bandaríkjunum sem sá um að mixa og mastera hana. Þegar hann var búinn sendi hann okkur skilaboð og sagði að þetta væri ótrúleg plata og að fólkið hjá Metal Blade þyrfti að heyra hana. Við vorum bara, „já, já, einmitt, þú ert bara að vera næs, þú segir þetta örugglega við alla“. Við höldum að hann langaði bara að halda áfram að vinna með okkur og þökkuðum honum bara fyrir,“ segir Mario og hlær. „Nokkrum vikum síður fáum við svo tölvupóst frá Metal Blade þar sem þeir segjast hafa heyrt tvö lög af nýju plötunni og vilja fá okkur á samning. Þetta gerist aldrei, við vorum bara einhverjir óþekktir náungar frá Íslandi að gera skrítna tónlist og vorum með svona 100 fylgjendur á Instagram. En þeir voru mjög hrifnir og ákváðu bara að treysta okkur í blindni. Þeir hafa svo hjálpað okkur gríðarlega mikið við að koma okkur á framfæri og það er æðislegt.“

Það hefur allt breyst eftir þetta. Áður vorum við að einblína á plötuna og núna erum við á fullu í kynningarstarfi og erum að gera alls konar myndbönd og tónlistar-

myndbönd til að kynna okkur og halda áhuga fólks,“ segir Mario. „Á hverjum degi erum við að vinna að nýjum hugmyndum og leita leiða til að ná til fólks. Við erum líka á leiðinni í helling af viðtölum og það er glás af fólki í Bandaríkjunum og Evrópu að vinna fyrir okkur núna. Það er frábært að það sé svona fagmannlega unnið með það sem maður er að gera. Þau eru líka mjög ánægð með hvað við erum skipulagðir og vinnum hratt.“

Ótrúlega jákvæð viðbrögð

Mara er fyrsta breiðskífa Cult of Lilith og hún kom út 4. september. Hún hefur vakið athygli og hlotið mikið lof gagnrýnenda.

„Við erum rosalega ánægðir með plötuna og höfum nær eingöngu fengið góð viðbrögð. Margir eru hissa og skilja ekki hvaðan þetta kemur, þar sem við vorum óþekktir. Viðbrögðin hafa verið ótrúlega jákvæð,“ segir Mario. „Platan snýst um hugmyndina um möru, en á fyrri öldum hélt fólk sem var með svefnrofalöllum að það væri draugur sem kallaðist mara sem sæti á þeim. Okkur fannst þetta mjög kúl hugmynd og þetta tengist hugmyndum um Lilith. En lögin eru öll mjög ólík.“

Tónleikar á morgun

Á laugardagskvöld stígur Cult of Lilith á svið á Gauknum, en þar verða haldnir sitjandi þungarokkstónleikar svo hægt sé að passa eins metra regluna. Mario er mjög spenntur fyrir tónleikunum. „Ég held að það séu allir spenntir, við höfum ekki spilað í tvö ár því við höfum verið að einblína á plötuna,“ segir hann. „Það er leiðinlegt að geta ekki verið að túra núna, það stóð til, en fór náttúrulega allt til fjandans. En í náinni framtíð vonumst við til að gera tekið túr um Evrópu og Bandaríkin og svo farið víðar seinna. Í bili höldum við bara áfram að semja, við erum þegar búnir að semja nokkur lög fyrir næstu plötu og stefnum á að spila eins mikið og við getum og gefa svo út næstu plötu eftir 2-3 ár.“



e-Forward rafhjól
Samsung batterí - Shimano girar
Ofurtilboð: 135.000
Topphjól.is - Bíldshöfða 16
sími 661-1902

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgafandi: Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördis Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Námskeið

FÖSTUDAGUR 11. SEPTEMBER 2020

Kynningar: Endurmenntun, Dansskóli Brynju Péturs, Keilir



Endurmenntun býður upp á mikið úrval fjölbreyttra námskeiða í haust með áherslu á sveigjanleika, hvort sem um ræðir fjarnám eða nám með vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Allir geta fundið eitthvað við hæfi hjá Endurmenntun

Endurmenntun hefur um árabil boðið upp á ótal mörg og fjölbreytt námskeið og er árið í ár engin undantekning. Í haust standa til boða 200 námskeið, hvert öðru áhugaverðara, leidd af framúrskarandi kennurum. Þá gefst þátttakendum nú enn frekari kostur á að stunda fjarnám. ➔2

Framhald af forsiðu ➔

Jóhanna Rútsdóttir, alltaf kölluð Hanna, hefur síðustu sjö ár unnið sem þróunarstjóri hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, þar sem hún starfar með kraftmiklu teymi starfskvenna við að skapa og tryggja fjölbreytilegt úrval námskeiða á hinum ýmsu sviðum.

Hanna er kennari að mennt en hefur einnig lokið meistaraþrófi í fræðslustarfi og stjórnun. Starfsþróun og ævimenntun almennings eru þau viðfangsefni sem hún nýtur mjög að takast á við, enda sú vinna bæði gefandi og skemmtileg.

Námskeiðsframboð Endurmenntunar hvert misseri hleypur á hundruðum námskeiða og segir Hanna að galdurinn á bak við öfluga starfsemina sé sá frábæri hópur kennara sem stofnunin á í samstarfi við. „Fjölbreytt úrval námskeiða byggist á því að með Endurmenntun starfar fjölmennur hópur framúrskarandi kennara sem hefur afar yfirgripsmikla sérþekkingu. Sumir hafa kennt hjá okkur árum saman en sífellt bætast nýir kennarar við og allir eiga þeir stóran þátt í að starfsemin haldist lifandi og sibreytileg ár frá ári.“

Starfsemin tvískipt

Hanna segir námsbrautirnar starfsmiðaðar en sveigjanlegar, á meðan námskeiðin eru eins ólík og þau eru mörg og krefjast minni skuldbindingar.

„Segja má að flaggskipin okkar séu tvö, það er lengra námið, námsbrautirnar, og svo námskeiðin. Námsbrautirnar okkar henta þeim sem vilja gefa sér lengri tíma til að kafa djúpt og bæta við sig sérþekkingu sem getur styrkt stöðu þeirra í starfi eða opnað dyr að nýjum tækifærum. Þær eru skipulagðar þannig að hægt sé að stunda námið samhliða starfi, kennt er í lotum og í mörgum þeirra er boðið bæði upp á staðnám og fjarnám. Valið snýst um allt frá hagnýtum misserislöngum námslínunum án eininga, til tveggja ára framhaldsnáms á meistarastigi. Námskeiðin okkar eru einfaldari í alla staði, skuldbinding í tíma er mun minni og þátttakendur skila hvorki verkefnum né taka próf. Lengd námskeiða er mismunandi eftir viðfangsefnum, allt frá einni mætingu upp í átta skipti. Námskeiðin eru almennt öllum opin og engar kröfur eru gerðar til þátttakenda hvað varðar fyrri menntun eða starfsreynslu. Í nokkrum tilfellum eru námskeið ætluð til sérhæfingar fyrir ákveðnar fagstéttir og þá er það tekið skýrt fram í námskeiðslýsingum.“

Fjölbreytt úrval fyrir alla

Núna á haustmisserinu eru námskeiðin um og yfir 200 talsins, sem er eðlilegur fjöldi námskeiða hjá Endurmenntun hvert misseri. En spurð hvernig dreifingin er á námskeiðunum segir Hanna að það sé sitt lítið af hverju fyrir alla.

„Við aðgreinum námskeiðin með tveimur flokkum, annars vegar eru það starfstengd námskeið og hins vegar námskeið fyrir einstaklinginn á sviði persónulegrar hæfni, menningar og tungumála. Í starfstengdu námskeiðunum má finna allt frá mjög almennum námskeiðum eins og Verkefnastjórnun eða Wordpress yfir í afar sértæk námskeið fyrir fagfólk á hinum ýmsu fagsviðum. Þar má nefna námskeið um opinber innkaup og persónuverndarlög sem og námskeið sérstaklega ætluð til stjórnendur sem geta haft áhrif á sínum vinnustað.“

Hanna hvetur þá sem eru í atvinnuleit eða vilja bæta við ferilskrána sína að skoða úrval starfstengdu námskeiðanna og athuga sérstaklega hvort þeir eigi



Jóhanna Rútsdóttir, þróunarstjóri hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, segir fjölmennan hóp hæfileikaríkra kennara tryggja lifandi og sibreytilegt framboð námskeiða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

inni styrk hjá stéttarfélagi eða Vinnumálastofnun til að sækja námskeið. „Á heimasíðunni okkar, endurmenntun.is, má finna lista af stéttarfélögum sem styrkja sína félagsmenn í margvíslegt nám og ég hvet fólk eindregið til að kanna sína stöðu hjá sínu félagi. Vinnumálastofnun hefur einnig styrkt atvinnuleitendur til að sækja námskeið og getur það skipt sköpum fyrir öflun þekkingar og reynslu á ferilskrá.“

Um hinn flokkinn segir Hanna: „Námskeiðin sem tengjast persónulegri hæfni, menningu og

„Framboð fjarnámskeiða hefur aldrei verið meira en nú og með því verðum við líka enn betri valkostur fyrir alla, óháð því hvar á landinu eða í þessari veröld þeir búa.“

tungumálum fara flest fram seinnipart dags og á kvöldin. Hingað sækir fjölbreytilegur hópur viðskiptavina á öllum aldri menningarnámskeið á kvöldin, fólk sem vill áhugaverðan fróðleik í bland við skemmtun. Hér eru þá allar kennslustofur nýttar fyrir hina ýmsu hópa og til að gefa einhverja mynd af húsinu að kvöldi þá er kannski einn hópurinn á „ferðalagi“ með kennaranum í kennslustofunni að kynna sér framandi menningu, sögu og áhugaverða staði úti í heimi. Á sama tíma getur verið annar hópur að sökkva sér

„Það er okkar markmið að vera ávallt eftirsóknarverðasti valkostur fyrir-tækja, stofnana og einstaklinga til símenntunar á Íslandi.“

ofan í vel valda Íslendingasögu eða að spreyta sig í skapandi skrifum, einn hópur að læra um meltingu, þarmaflóru og súrkálsgerð og enn annar að njóta klassískrar tónlistar undir handleiðslu sérfræðings. Ekki sist má finna í þessum flokki námskeið um mikilvæg málefni liðandi stundar eins og loftslagsbreytingar, samfélagsshreyfingar og tækni framfarir.“

Aldrei fleiri fjarnámskeið

Það má því segja að oftast sé líf og fjör í húsi Endurmenntunar, en síðastliðið vor setti COVID faraldurinn strík í reikninginn og starfsfólk þurfti að leita nýrra leiða til að geta haldið uppi sömu fjölbreyttu starfseminni og áður.

„Þegar COVID-19 hóf að gera usla í okkar samfélagi í vor gerðist það sama hér og víðast hvar í öðrum stofnunum og fyrirtækjum. Það var ekki mögulegt að halda uppteknum hætti og því þurfti strax að hefjast handa, með lausnamiðaðri hugsun og jákvæðni, við að endurskipuleggja dagskrá lengra náms og styttri námskeiða svo ljúka mætti vor-misserinu með sem bestum hætti fyrir okkar nemendur og kennara. Við lærðum öll mjög margt af þessari snörpu kúvendingu og þó að við séum enn að leysa smá hindranir sem fylgja COVID-19 í okkar starfsemi, þá beinum við nú fyrst og fremst sjónum okkar að þeim tækifærum sem blasa við.“

Þegar ljóst var að faraldurinn væri aftur í uppsiglingu undir lok sumars og fjöldatakmarkanir fóru að herðast var lærdómur vorsins dýrmætur í áframhaldandi starfsemi Endurmenntunar. „Það er okkar markmið að vera ávallt eftirsóknarverðasti valkostur fyrirtækja, stofnana og einstaklinga til símenntunar á Íslandi og því var stefnan tekin á að fjölga fjarnámskeiðum í dagskrá haustmisseris og mæta þannig ólíkum þörfum og aðstæðum okkar viðskiptavina. Slíkt er ekki gert nema með öflugum kennarahópi sem var tilbúinn til að setja sig inn í nýja kennsluhætti og rafræn kennslukerfi með skömmum fyrirvara. Framboð fjarnámskeiða hefur aldrei verið meira en nú og með því verðum við líka enn betri valkostur fyrir alla, óháð því hvar á landinu eða í þessari veröld þeir búa.“

Hanna er bjartsýn á góðar viðtökur þátttakenda við breyttu námskeiðsframboði því nú séu margir komnir með reynslu af hvers konar fjarskiptatækni og því fylgi margir kostir að geta sótt námskeið beint frá vinnustað eða heimili.

„Fjarnámskeiðin fara fram í rauntíma í gegnum hið einfalda samskiptaforrit Zoom og allir þátttakendur fá greinargóðar leiðbeiningar við skráningu. Við höfum boðið kennurum okkar upp á að koma á sérstök Zoom námskeið svo að þeir geti áttað sig betur á tækninni áður en kennsla hefst og starfsfólk Endurmenntunar er ávallt til þjónustu reiðubúið ef fólk er með spurningar eða vanga-veltur um fyrirkomulag fjarnámskeiðanna, enda hefur persónuleg þjónusta ætíð einkennt alla okkar starfsemi.“

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin ásamt ýmsum öðrum fróðleik er að finna á heimasíðu Endurmenntunar, endurmenntun.is.



Á nemendasýningum sitja dansararnir hægra megin við sviðið, sem þau kalla partimegin, og fylgjast með sýningunni.



Nemendurnir taka þátt í ýmiss konar viðburðum og koma víða fram.

Aðaláherslan að öllum líði vel í tímum

Dans Brynju Péturs er eini sérhæfði street-dansskólinn á landinu, en innan kennarateymisins er yfir 20 ára reynsla í danskennslu. Það er lögð áhersla á að öllum líði vel í skólanum, hvort sem þau stefna á að ná langt í dansinum eða eru að koma í tíma til að dansa sér til ánægju.

Skólinn býður upp á danskennslu á ellefu stöðum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ og á Seltjarnarnesi. Kennt er í hópum frá 5 ára aldri upp í 25 ára og eldri.

„Við kennum fjölbreytta street-dansstíla, eins og Hiphop, Dancehall, Waacking, House, Popping og fleira. Við leggjum áherslu á hópefli, erum með frábært kennarateymi og setjum hug og hjarta

í það sem við gerum,“ segir Brynja Pétursdóttir, danskennari og eigandi skólans.

„Það sem í raun keyrir skólann áfram er félagslegi þátturinn. Það er mikill vinskapur og virðing innan kennarateymisins og danshópanna, sem dreifist til nemenda okkar. Gildin okkar eru að vinna vel og hafa gaman af því. Við þekkjum það á eigin skinni að elska að dansa og vera feimin við



Félagslegi þátturinn skiptir miklu máli á námskeiðunum hjá Brynju Péturs, sem er hér ásamt kennurum og dönsurum. Lögð er áhersla á að allir fái að njóta sín. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Það er mikill vinskapur og virðing innan kennarateymisins og danshópanna, sem dreifist til nemenda skólans.

að koma í danstíma, þess vegna skiptir það okkur máli að styrkja sjálfsmynd þeirra sem koma í tíma. Okkar hlutverk er að gefa fólki tækifæri til að nálgast áhugamál sitt í vernduðu og jákvæðu umhverfi. Það er jafn mikilvægt fyrir bestu dansara landsins og þau sem eru að koma sér til dægra-styttingar. Hér fá allir að njóta sín.

Brynja segist stolt af því hvað skólinn er með flottan hóp leiðbeinenda sem er annt um nemendur sína og vilja að þeim líði vel í danstímum.

„Við gerum okkur grein fyrir því að sumir sem koma í tíma eru að finna langþráð heimili í dansinum, eða eru til dæmis ný á Íslandi og vilja mynda tengsl. Aðrir eru að koma til að verða ofboðslega góðir og vilja ná langt. Við viljum geta mætt fólki þar sem það er. Hér er fólki af öllum getustigum, öllum litum, trúarbrögðum, kynjum. Bara öll flóran af fólki,“ útskýrir hún.

Danstímar sem henta byrjendum og lengra komnum

Dansskólinn býður upp á fjölbreytta stíla eins og til dæmis Popping og Break, sem er vinsælt hjá strákum sem vilja dansa, Waacking og Dancehall sem er vinsælt hjá stelpum sem vilja bæta sviðsframkomu og fleira. Flestir

“Við þekkjum það á eigin skinni að elska að dansa og vera feimin við að koma í danstíma, þess vegna skiptir það okkur máli að styrkja sjálfsmynd þeirra sem koma í tíma.

sem sækja tíma koma tvisvar í viku í Hiphop og geta svo bætt við sig aukatímum og verið oftast í viku að dansa.

„Við höldum nemendasýningar eftir hverja önn þar sem allir dansararnir okkar fara á svið. Það eru uppáhalds dagarnir og umgjörðin hefur verið eins síðan 2012, dansararnir sitja allir hægra megin við sviðið, sem við köllum ‘partýmegin’ og fylgjast með allri sýningunni. Nemendurnir eru kjarninn og sýningin er fyrir þau, þess vegna myndast alltaf rosalega skemmtileg stemning, sem minnir líka á hjarta allra street-dansstílanna, en menningin snýst um samkomur fólks. Öll þessi flottu dansform verða til á dansgólfinu,“ segir Brynja.

„Mikilvægt er að búa til vettvang sem hentar öllum fjölbreytileiknum okkar. Við setjum upp fjölda viðburða á ársgrundvelli þar sem dansararnir okkar fá tækifæri til að sýna sína list. Við höldum þrjár keppnir árlega: Street dans-einvígið fyrir framhaldsnemendur 16 ára og eldri og Krakka-einvígið fyrir 12-15 ára. Það eru einstaklings- og tvíliðakeppnir, svo er einnig hópa-keppni fyrir breiðari aldurshóp.

Sýningarhóparnir okkar hafa unnið keppnir hér heima og erlendis, þau hafa komið fram á flottum viðburðum með Reykjavíkurborg, Hinu húsinu, Barnamenningarhátíð, Unglist, Samfés, Eurovision, Adidas, Coca Cola og sést í ýmsum auglýsingum og upptökum. Einnig er beðið um dansara frá okkur í fjölbreytt verkefni.“

Eftirspurn eftir námskeiðum mikil

Hóparnir skiptast í fjögur getustig, byrjendur, ‘all levels’, miðstig og framhaldshópa. Haustið hefst 14. september og nú þegar eru sum námskeið farin að fyllast, enda hafa þau verið mjög vinsæl undanfarin ár.

Allar upplýsingar er að finna á vefsíðunni brynjapeturs.is.

Ýmis menntun í boði hjá VMST

Atvinnuleitendum bjóðast alls kyns námskeið og starfstengt nám í gegnum Vinnumálastofnun. Þar eru skyldunámskeið, en einnig er hægt að fá styrk til að sækja nám og námskeið að eigin vali.

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Einstaklingar í atvinnuleit hafa ýmsa möguleika til að bæta við sig námi og sækja námskeið í gegnum Vinnumálastofnun. Þar er meðal annars boðið upp á námskeið, námsúr-ræði, atvinnutengda endur-hæfingu, starfstengd úrræði og ráðgjöf. Það er mikilvægt að fólk kynni sér réttindi sín til að geta nýtt það sem er í boði.

Þjónustan miðast við þarfir hvers atvinnuleitanda og lagt er mat á vinnufærni þeirra þegar sótt er um þátttöku í vinnumarkaðsað-gerðum. Út frá því er gerð áætlun um atvinnuleit viðkomandi og þátttöku í vinnumarkaðsúr-ræðum, eða honum vísað á aðra þjónustu.

Mikið úrval af námskeiðum

Vinnumálastofnun skipuleggur skyldunámskeið sem atvinnu-leitendur eru boðaðir á og eru í boði stofnunarinnar. Atvinnuleit-endum bjóðast líka ýmis valnám-skeið og það er gríðarlegur fjöldi námskeiða í boði, bæði starfstengd námskeið, sjálfstýrkingarnám-skeið og fleira, en framboðið er ólíkt milli landshluta. Áhugasamir geta kynnt sér það sem er í boði á vef Vinnumálastofnunar.

Stofnunin getur líka styrkt atvinnuleitanda vegna þátttöku í starfstengdu námi eða námskeiði sem er viðurkennt sem vinnu-markaðsúr-ræði. Það er hæð því skilyrði að námið komi til með að nýtast atvinnuleitanda beint við atvinnuleit eða hjálpa viðkomandi að finna sér starf.

Hægt er að velja um að fara á námskeið sem er á vegum Vinnu-málastofnunar og þá greitt að fullu, eða á námskeið sem er valið að eigin frumkvæði, en þá fær viðkomandi námsstyrk til að greiða hluta af námskeiðsgjaldinu. Styrkurinn skal að hámarki nema 50% af heildargjaldinu en er þó aldrei hærri en 70 þúsund krónur. Það er ekki hægt að nýta námskeið eða önnur úrræði á vegum Vinnu-málastofnunar á sömu önn og sótt er um slíkan styrk.

Styrkurinn er ekki í hlutfalli við bótarétt og allir sem hafa rétt til atvinnuleysisstrygginga eiga rétt á



vinnumarkaðsúr-ræði, sama hver bótarétturinn er. Vinnumála-stofnun bendir fólki á réttindi hjá stéttarfélögum eftir því sem við á, en engin krafa er gerð um að nýta hann áður en sótt er um náms-styrk.

Námssamningar í boði

Námsmenn hafa ekki rétt á atvinnuleysisbótum nema þegar námið telst námsúr-ræði og er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum Vinnumálastofnunar. En atvinnu-leitendur geta leitað til Vinnu-málastofnunar og fengið ráðgjöf um það starfstengda nám sem er í boði.

Atvinnuleitendur geta líka sótt

» **Dale Carnegie er einn þeirra aðila sem hefur þjálfað fólk á milli starfa fyrir Vinnu-málastofnun. Þegar stefndi í að á milli 20 og 30 þúsund manns yrðu án atvinnu í haust og vetur var hannað sér-stakt námskeið sem er sniðið að þeim hóp og heitir Dale á milli starfa.**

um að fá að stunda nám samhliða greiðslum atvinnuleysisbóta, en þá þarf námið að vera skilgreint sem vinnumarkaðsúr-ræði og ákveðin skilyrði þurfa að vera uppfyllt. Þá er gerður námssamningur. Atvinnuleitendur geta líka gert námssamning sem gerir þeim kleift að stunda háskólanám sem gefur að hámarki 10 ECTS háskólaeiningar á önn.

Ókeypis Dale Carnegie-námskeið

Dale Carnegie er einn þeirra aðila sem hefur þjálfað fólk á milli starfa fyrir Vinnumálastofnun. Þegar stefndi í að á milli 20 og 30 þúsund manns yrðu án atvinnu í

haust og vetur var hannað sér-stakt námskeið sem er sniðið að þeim hóp og heitir Dale á milli starfa. Þar geta atvinnuleitendur notið góðs af kennslu frá þjálf-urum og fagfólki Dale Carnegie.

Námskeiðið byggir á Dale Carnegie-námskeiðinu, en bætt hefur verið við alls kyns leiðbein-ingum varðandi ferilskrár, eigin markaðssetningu á samfélags-miðlum, framkomu í atvinnuvið-tölum og frumkvöðlastarf, ásamt fleiru. Námskeiðið er styrkt af Vinnumálastofnun og atvinnu-leitendur geta fengið fullan styrk. Sem stendur er það í boði á Sel-fossi, Reykjanesi, í Reykjavík og á netinu.

Atvinnuleit-
endur geta sótt
ýmiss konar
nám og nám-
skeið í gegnum
Vinnumála-
stofnun. Það er
hægt að fara á
námskeið sem
eru á vegum
stofnunarinnar
en líka velja
sín eigin og fá
styrk. Einnig er
hægt að gera
námssamninga.

FRÉTTABLAÐIÐ/
HANNA

„Ég er virkari í félagslífinu“

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að rétta upp hönd og taka þátt í umræðum
- Leiðir til að kynnast nýju fólki, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun



Námskeið hefst:

10 til 12 ára 26. sept. 10.00-13.00 8 skipti með viku millibili
13 til 15 ára 22. sept. 17.00-20.30 8 skipti með viku millibili
13 til 15 ára 12. okt. 17.00-20.30 8 skipti með viku millibili
16 til 19 ára 23. sept. 18.00-22.00 8 skipti með viku millibili
16 til 19 ára LIVE ONLINE 1. okt kl 18.00-21.00 8 skipti með viku millibili
20 til 25 ára 24. sept. 18.00-22.00 8 skipti með viku millibili
20 til 25 ára LIVE ONLINE 8. okt. Kl 18.00-21.00 2x í viku í 4 vikur
18 til 25 ára 9.-11.okt. HELGARNÁMSKEIÐ kl 8.30-16.30

NÝ NÁMSKEIÐ
HJÁ KVAN!

NÁÐU STJÓRN Á SKJÁNOTKUN

Ný, skemmtileg og uppbyggileg námskeið fyrir börn í 5.–7. bekk sem aðstoða þau við að ná stjórn á skjánotkun sinni.

Næstu námskeið:

4. október: Náðu stjórn á skjánotkun – með áherslu á tölvuleiki og Youtube.

7. október: Náðu stjórn á skjánotkun – með áherslu á samfélagsmiðla.

Frekari upplýsingar og skráning á **kvan.is**.



KVAN

kvan.is - Hábraut 1a, Kópavogi - sími 519 3040

Vinsæl námskeið fyrir öfluga stráka

Bjarni Fritzson, sálfræðingur, fyrrverandi landsliðsmaður og handboltaþjálfari, hefur haldið úti vinsælum námskeiðum, Öflugir strákar. Áhuginn er slíkur að námskeiðin seljast upp á örskotsstundu.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Öflugir strákar er sjálfstýrkingarnámskeið fyrir 9-12 ára drengi. Bjarni hefur haldið þessi námskeið frá árinu 2014 og þeim fjölgar sífellt þar sem eftirspurnin er mikil. Strákunum er skipt upp í yngri og eldri hópa. Bjarni gerði lokaverkefni sitt í sálfræði um líðan stráka í skóla-kerfinu og almennt. Honum fannst lítið vera að gerast í málefnum þeirra og engin markviss vinna í gangi til að efla strákana. „Það hefur á hinn bóginn verið unnin frábær vinna með stelpum,“ segir hann. „Mér fannst afar áhuga-vert að skoða stöðu stráka í hinu daglega lífi, hafandi verið strákur sjálfur. Í framhaldinu var mér boðið að skrifa bók fyrir stráka og síðan leiddi eitt af öðru,“ útskýrir Bjarni þegar hann er spurður af hverju þessi námskeið hafi orðið til.

„Námskeiðin hafa verið mjög vinsæl og alltaf uppselt. Þau virðast hafa fengið gott orðspor og vaxið með hverju árinu,“ segir Bjarni, en hann hefur gefið út met-söluþækurnar Orri östðöndandi. Sú þriðja er væntanleg fyrir jólin, en



Bjarni Fritzson hefur haldið úti vinsælum námskeiðum fyrir stráka á aldrinum 9-12 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

í þeirri bók fær Magga Messi vinkona Orra meira pláss en í þeim fyrri. Að auki er Bjarni að skrifa bók til að efla stráka og vonast hann til að hún komi einnig út fyrir jólin.

Hvert námskeið er í fjögur skipti og hver tími í eina klukkustund og 45 mínútur. Um það bil 20 strákar eru í hverjum hópi, en Bjarni er með aðstoðarfólk með sér, enda er hvert skipti fjölbreytt með verk-

efnavinnu, fyrirlestrum, framkomu, tjáningu og skemmtilegum leikjum. „Við viljum að þetta sé svolítið stuð,“ segir hann. Bjarni greinir frá því að í fyrstu hafi foreldrar haldið að þetta væru nám-

„Mikilvægt er að kunna á sjálfan sig, taka á streitu og þekkja styrkleika sína.“

skeið fyrir stráka með einhvers konar vandamál. „Svo er ekki því námskeiðið er fyrir alla stráka og er ætlað að efla þá, byggja upp og að þeir skoði aðeins sjálfa sig. Alveg eins og við fullorðna fólkið gerum stundum. Mikilvægt er að kunna á sjálfan sig, taka á streitu og þekkja styrkleika sína. Flestir eru frekar feimnir í upphafi en síðan eru þeir mjög áhugasamir.“

Bjarni segir að það langskemmtilegasta við starfið sé að heyra reynslusögur frá foreldrum eftir námskeiðið. „Það gefur manni mikið að heyra slíkar sögur. Besta hrós sem ég hef fengið er frá foreldrum sem segja mér að allt að tveimur árum eftir námskeiðið megi sjá ýmislegt í fari barnsins sem rekja megi til þess.“

Bjarni er með fleiri námskeið, meðal annars fyrir foreldra og ungt íþróttafólk. Hann hefur aðstoðu í Seljahverfi. Hægt er að kynna sér starfseminu á Facebook-síðunni Öflugir strákar.

Hve hratt áttu að lesa?

- Þú átt að lesa eins hratt og hugurinn þinn leyfir!
- Þú átt að lesa eins hratt og athygli og einbeiting þín leyfir!
- EF að þú ert að njóta þess að lesa skáldsögu og heldur athygli og einbeitingu við lestur - þá ertu góðum málum!

Góður lesandi les eina blaðsíðu í skáldsögu á...
www.h.is/fbl

Námskeið í boði fyrir:

- 10-12 ára
- 13-16 ára
- 17-94 ára



Hjá Keili er mikið lagt upp úr nútímalegum og fjölbreyttum kennsluháttum, bæði í fjarnámi og staðnámi.

Vinnuverndarnámskeið Keilis

Keilir býður upp á alls fjórtán vinnuverndarnámskeið fyrir starfsmenn og stjórnendur, þar með talið námskeið í áhættumati, öryggismenningu, vinnuslysum og fleira. „Við erum í raun með öll hefðbundin vinnuverndarnámskeið, en þau eru sveigjanleg svo það má sníða þau að starfsemi hvaða fyrirtækis sem er. Þannig eru áherslurnar á vinnuslysanámskeiði fyrir byggingariðnaðinn ólíkar áherslum námskeiðs fyrir starfsmenn í skóla. Þar er til dæmis sérstakur kafli um raddheilsu kennara sem ekki er farið í hjá starfsfólki í byggingariðnaðinum,“ segir Guðmundur Kjerúlff, sem hefur áralanga reynslu af umsýsni námskeiða og fræðslutengdrar starfsemi sem snýr að vinnuvernd við kennslu, gerð fræðsluefnis og þróunarstarfs.

Flest námskeiðin sem Keilir býður upp á í Vinnuverndarskólanum eru þriggja klukkustunda námskeið sem tekin eru í vandinámi. Nemendur fá sent lesefni til að kynna sér viku áður en fyrsti tíminn er. Námið er kennt í formi fyrirlestrar sem haldinn er í gegnum Teams vegna aðstæðna af

sökum COVID-19. „Einnig má ljúka námskeiðinu í kennslustofu eftir nánara samkomulagi við atvinnurekendur,“ segir Guðmundur.

„Árið um kring bjóðum við upp á Grunnnámskeið vinnuvéla. Þar fá þátttakendur öll bókleg vinnuvélaréttindi, þar með talin réttindi á alla krana, gröfur og fleira. Námskeiðið er ígildi 80 kennslustunda og er tekið alfarið í fjarnámi. Nemendur klára námskeiðið á því tímabili sem hentar þeim. Þeir geta því byrjað að læra þegar þeir vilja og klárað eftir sinni hentisemi. Þá er hægt að horfa á kennsluefnið eins oft og hver vill. Nemendur fá svo verkefni og svara spurningum rafrænt. Þá eru nokkur próf sem þátttakendur fá þrjár atrennur til þess að klára. Að lokum lýkur námskeiðinu í prófi í kennslustofu.“

„Einnig bjóðum við fyrirtækjum upp á að halda hálf tíma til klukkustundarlanga fyrirlestra fyrir starfsfólk í fyrirtækjunum sem snúa að þeim námskeiðsefnum sem við bjóðum upp á hjá Vinnuverndarskólanum. Fyrirlestrarir eru sniðnir að starfsemi hvaða fyrirtækis sem er.“

„Nemendur klára námskeiðið á því tímabili sem hentar þeim. Þeir byrja að læra þegar þeir vilja og klára eftir hentisemi.“

Guðmundur Kjerúlff

Námskeið á ensku

„Þess má geta að við erum nýbyrjuð að bjóða upp á Vinnuvernd 101 fyrir enskumælandi. Um er að ræða klukkutíma kennsluefni þar sem farið er í grundvallaratriði í vinnuvernd. Eins og er þá er lítið til af kennsluefni á ensku og pólsku á Íslandi og er þetta því stórt skref í áttina að markmiði okkar að bjóða í framhaldinu upp á meira kennsluefni á ensku og svo pólsku.“


Næsta námskeið á dagskrá hjá Vinnuverndarskólanum hefst í næstu viku og nefnist Öryggis-trúnaðarmenn og öryggisverðir. Í lok mánaðar byrjar svo Verkstjóranámskeið en dagskráin er aðgengileg á heimasíðu Keilis vinnuverndarskoli.is.



Fresta eða framkvæma?

Að fresta er sannarlega valmöguleiki, ef þú vilt óbreytt ástand. Við hjá Dale Carnegie hvetjum þig til að framkvæma. Nú er tími til að huga að eigin færni og viðhorfi. Næstu mánuðir munu verða krefjandi en með þrautseigju, dugnaði og dassi af hugmyndafræði Dale Carnegie geta ný tækifæri opnast.


Námskeiðin okkar eru staðbundin en líka í Live Online útgáfu. Í báðum tilfellum tekur þú virkan þátt og nýtur góðs af heimsklassa þjálfurum. Smelltu á dale.is og pantaðu ókeypis einkaráðgjöf.



Staðbundin námskeið:

Áhrifaríkar kynningar	15. okt.
Árangursrík sala	9. okt.
Dale Carnegie kvöldnámskeið	6. okt.
Dale Carnegie morgunnámskeið	22. okt.
Dale Carnegie 3ja daga	23. okt.
Dale Carnegie á Akureyri	6. okt.
Dale Carnegie para og hjónahelgi	9. okt.
Dale á milli starfa	6. okt.
Leiðtogahæfni	19. okt.
Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur	13. okt.
Þjónustuupplifun	13. okt.

Hefst:



Live Online námskeið:

Árangursrík sala	9. okt.
Dale Carnegie námskeiðið	16. sept.
Dale Carnegie fyrir 20 til 25 ára	8. okt.
Leiðtogafærni	13. okt.
Dale á milli starfa	30. sept

Hefst:

Live Online fjarþjálfun á sér stað í rauntíma. Þú tekur virkan þátt, leysir verkefni og kynnist fólki. Þjálfararnir eru tveir og annar aðstoðar þig við tæknimálin allt námskeiðið. Nánar á dale.is



Átt þú rétt á námsstyrk?

Á heimasíðu okkar dale.is finnur þú nýja leitarvél sem hjálpar þér að finna námsstyrki.

Skráðu þig strax á dale.is

Leiklistin opnar dyr að hjartanu

Leikararnir og kennararnir Ólöf Sverrisdóttir og Ólafur Guðmundsson hafa boðið upp á stórskemmtileg leiklistarnámskeið fyrir fullorðna á vegum leiklistarskólans Opnar dyr frá árinu 2008.

Jóhanna María
Einarsdóttir

johannamaria@frettabladid.is

Bæði eru þau leikarar og leiklistarkennarar að mennt, með fjölbreyttan og metnaðarfullan bakgrunn í hvoru tveggja. „Ég byrjaði með námskeiðin ein árið 2008, en hafði þá kennt börnum og unglingum í tugi ára og sjálf verið að leika mikið, leikstýra og skrifa leikrit. Svo þegar Óli bættist í hópinn með sína frábæru reynslu og menntun, efldust námskeiðin enn frekar og þá varð til leiklistarskólinn Opnar dyr.“ segir Ólöf, sem útskrifaðist árið 2002 úr meistaranámi í Theatre Practice frá háskólanum í Exeter, þar sem hún lagði stund á sálarlíkamlega leikhúsvinnu eða Psychophysical Theatre.

Ólafur útskrifaðist sem leikari frá Leiklistarskóla Íslands 1989 og starfaði sem leikari í í fjórtán ár, áður en hann fór að einbeita kröftum sínum að leiklistarkennslu og leiklist sem tæki til sjálfsmeðvitundar og framfara.

Að sögn Ólafa hafa allir gott af því að stíga út fyrir þægindarammann, spinna og nota hugmyndaflugið. „Sjálfför ég á leiklistarnámskeið hjá Helga Skúlasyni áður en ég fór í leiklistarnám og þar var fólk á öllum aldri og með alls konar bakgrunn. Margir voru ekkert endilega að hugsa um nám í leiklistarskóla



Ólafur og Ólöf eru menntaðir leikarar og leiklistarkennarar og munu bjóða upp á leiklistarnámskeið fyrir fullorðna í haust. MYNDIR/ÁÐSENDAR

en allir skemmtu sér konunglega og þetta nýttist öllum við það sem þau voru að gera í sínu lífi. Þegar við byrjuðum með námskeiðin fannst okkur hreinlega vanta svona námskeið þar sem fullorðnir fengju tækifæri til að læra leiklist og í leiðinni að þroska sig og efla sjálfstraust í gegnum skemmtilegar leiklistaræfingar.“

Leiklistarnámskeið fyrir sjálfstraustið

Í námskeiðunum eru gerðar æfingar sem opna fyrir sköpunarflæði og leikgleði. Á sama tíma læra nemendur leik- og spunaæfingar sem nýtast þeim jafnt í leiklistinni og lífinu sjálfu. Námskeiðin hjálpa fólki að finna öryggi hjá sér sjálfu,

til að treysta sér í öllum aðstæðum. „Fólkið sem kemur á námskeiðin til okkar er á öllum aldri og með allavega bakgrunn. Sumir hafa áður komið nálægt leiklist og aðrir hafa enga reynslu og stundum varla hugmynd um út í hvað þeir eru að fara. En það græða allir. Þeir sem eru algjörlega óreyndir taka oft stórt stökk, fara á flug og blómstra og þeir vanari taka oft stórum framförum og fá aukið öryggi.“

Á námskeiðunum er farið í spuna, frásagnartækni, líkamsleikhús, trúðatækni, núvitund í leiklist sem og tækni og aðferðir Stanislavski og Augusto Boal. „Allar þessar aðferðir og tækni eru þaulreyndar og ná fram ótrúlegum framförum hjá þátttakendum. Fólk

Leiklistarnámskeið eru tilvalin fyrir þá sem vilja koma út úr skelinni og öðlast meira sjálfstraust.

öðlast aukna meðvitund í tíma og rúmi, aukið sjálfstraust, frelsi í hugsun og tjáningu, færni í samskiptum, á auðveldara með að setja sig í spor annarra og öðlast færni í persónusköpun og sjálfsþrottinni tjáningu leikarans. Fólk finnur fyrir ótrúlegu frelsi þegar það hættir að hlusta á gagnrýnandann í höfði sér og stígur inn í, og tekst á við, óttann. Það má segja að það að sleppa tókunum og framkvæma, sé eitthvað sem leiklistarnámskeið hafa fram yfir mörg sjálfshjálparnámskeið. Öttinn hverfur við það eitt að gera og fjölmargir hafa látið drauma sína rætast eftir að hafa sótt námskeið hjá okkur.“

„Við erum ekki vön að bjóða upp á námskeið á sumrin en einblínum frekar á haustið. Vegna COVID-19 munum við fresta öllum námskeiðum hjá okkur fram í október og getum vonandi haldið óbreytt námskeið þá. Við viljum helst ekki þurfa að takmarka hreyfingu og snertingu þátttakenda, því okkur þykir mikilvægt að fólk geti hreyft sig frjálst og óhindrað. En ef ástandið dregst út í hið óendanlega verðum við væntanlega að endurhugsa framsetninguna. Við sjáum bara til í október hvað verður, en við hvetjum áhugasama eindregið til að fylgjast með okkur á Facebook síðunni: Leiklistarskólinn Opnar dyr og á vefsíðunni www.opnar-dyr.com. Þar munum við auglýsa betur ný námskeið.“

STÍLVOPNIÐ
VALDEFLING OG SKÖPUN

RITLISTARNÁMSKEIÐ STÍLVOPNSINS Á HAUSTÖNN 2020

17. sept. kl. 15:30

25. – 27. sept.

2. – 4. okt.

16. – 18. okt.

13. okt. – 10. nóv.

23. – 25. okt.

22. okt. – 12. nóv.

2. – 23. nóv.

Kynning á starfi Stílvopnsins (zoomfundur)

Sköpunarsmiðja (Eyjafjörður)

Skapandi skrif (Vestmannaeyjar)

Þekking, reynsla og skoðanir í rituðu máli (Reykjavík)

Hetjuferðin (fjarkennd ritsmiðja)

Skapandi skrif (Reykjavík)

Endurminningaskrif (Reykjavík)

Hetjuferðin (Reykjavík)

„Ævintýraleg, fróðleg og hvetjandi námskeið.“

Elín Eyfjörð

Einnig í boði staðbundið og á netinu:
Einkatímar og stuðningshópar
Sérnsiðin námskeið

Ráðgjöf um ritun og útgáfu




Björg Árnadóttir,
rithöfundur, blaðamaður
og ritlistarkennari

www.stilvopnid.is

V E R S L U N

Guðsteins Eyjólfssonar



**AÐEINS Í
3 DAGA**

ÚTSÖLUMARKAÐUR

Ármúli 11

50-80% Afsláttur

NAESTU 3 DAGA

OPNUNARTÍMI:

föstudaginn 11. september kl.12.00-17.00
laugardaginn 12. september kl.12.00-17.00
sunnudaginn 13. september kl.12.00-17.00

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Húsbílar

Ford 125/350.árgerð 2004, aftur hjóla drifin, ekinn 132.000 km. Hús: Blu camp Sky 202. Mest allur hús búnaður fylgir með. Aukabúnaður: Sólarsella. Inverter 12v í 220 v. Dráttarkrökur. Uppl. í s. 690 1353 og vatnskot@gmail.com

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningabjónusta þvegillinn 5 44 44 46
Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Nudd
NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Garðyrkja
PROSTONE
» Jarðvinna
» Drenlagir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Búslóðaflutningar
Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald
PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, murun, flisa- & parketlagir og trésmíði. S. 616 1569
Rafvirkjun
RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

RAFVESPA
60V/900W með 60 km. drægni. Hleðsla: 6-8 tímar. 25 km. hraði. Rauð, svört eða hvít.
Kr. 179.000,-
NITRO
Nitro - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

HUMARSALAN
Humar, Ferskur Lax, Rísarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Óskast keypt
STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105
Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateemple.is
Nudd. Opið frá 9-19. Einnig um helgar S. 832 8863

Húsnæði

Geymsluhúsnæði
WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500
GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is
FERÐAVAGNAGEYMSLA
Til leigu vetrargeymsla fyrir felli- og hjólhýsi á besta stað í Reykjavík. Uppl. í s. 846 2986.

Tilkynningar
WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

NÝTT Í SÖLU
Sólheimar 18
104 Reykjavík
PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jason í síma **775 1515**
Falleg og vel skipulögð 179 fm hæð sem hefur verið endurnýjuð að hluta
• Með nýlegu parketi, endurnýjuðu eldhúsi og þvottahúsi.
• Svalir.
• Bílskurinn er skráður 26,6 fm og er með þar að auki 30 fm óskráðu rými í kjallara.
Verð: **86,5 millj.**
Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is
MIKLABORG
569 7000 • Lágmúla 4 • miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

job
Finnum draumastarfið saman
Er um við að leita að þér?

Fasteignir og heimili mánudaga kl 20.30
Sjöfn Þórðardóttir
FASTEIGNIR & HEIMILI
Fasteignir og heimili eru þættir í umsjón Sjafnar Þórðardóttur. Allt um fasteignir, heimili og húsráð frá fagfólki og sérfræðingum. Fagurkerarnir fá að sjálfsögðu að njóta sín þegar kemur að útliti heimilisins.
FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut
Útsendingar ná nú til **99,4%** heimila landsins

ÚTSÖLULOK

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG



100% Merino ullarfatnaður. Stingur ekki, hlýrri og tekur ekki í sig lykt.

icebreaker®

30-50%

afsláttur

Einnig
fáanleg í
barna-
stærðum



30-50%

afsláttur

OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar

Eitt mesta úrval landsins!

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar
Hjólábakpokar • Ferðatöskur



30%

afsláttur

Svefnpokar, vindsængur, pottar,
pönnur, hita- og kælibrúsar,
broddar o.fl.



30-50%

afsláttur

FERRINO



30-40%

afsláttur



PeakPerformance®



GÖNGUSKÓR OG SANDALAR

20-50%

afsláttur



ALLAR



OG



VÖRUR

MEÐ GÓÐUM AFSLÆTTI

Afsláttarborðin eru að sjálfsögðu á sínum stað með enn betri kjörum!

ggsport.is

Í vefverslun okkar má finna
meira úrval af vönduðum
vörum á frábæru verði!

GG-sport



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is

Opnunartímar útsölu: virka daga 10:30-18 og laugardag 11-18

SPORT



Leikmenn krupu á kné fyrir alla leiki í deildinni vor. FRÉTTABLAÐID/EPA

Setja upp merki gegn fordómum

FÓTBOLTI Leikmenn og dómarar í ensku úrvalsdeildinni munu verða með merki gegn kynþáttafordómum (e. no room for racism). Komist var að samkomulagi milli félaganna um þessa lausn, til að sýna áframhaldandi stuðning við Black Lives Matter hreyfinguna, fyrir fyrstu umferð deildarinnar sem hefst um helgina.

Þegar deildarkeppnin í ensku úrvalsdeildinni hófst á ný í vor eftir hlé vegna kórónaveirunnar voru öll liðin með merki á erminni frá Black Lives Matter hreyfingunni, en forráðamenn deildarinnar í samstarfi við fyrirliða ákváðu að skipta um merki.

Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt merki verður á treyjum liða og dómara yfir allt tímabilið og er markmið deildarinnar að minna á baráttuna gegn kynþáttafordómum, segir í yfirlýsingu frá ensku úrvalsdeildinni. – **kpt**

Aubameyang áfram í London

FÓTBOLTI Fyrirliði Arsenal, Pierre-Emerick Aubameyang, er að leggja lokahönd á nýjan þriggja ára samning. Framherjinn frá Gabon verður því áfram í herbúðum Skyttanna frá Lundúnum þar til hann verður 34 ára gamall.

Aubameyang var einn besti leikmaður Arsenal á síðasta tímabili, þegar hann skoraði 22 mörk í 36 leikjum í ensku úrvalsdeildinni. Hann kórónaði gott tímabil með því að skora tvö mörk í undanúrslitunum og úrslitunum, þegar Arsenal lyfti enska bikarnum og vann fyrsta titilinn undir stjórn Mikel Arteta.

Framherjinn átti eitt ár eftir af samningi sínum við Arsenal og hafa stórlið í Evrópu fylgst með framgöngu samningaviðræðnanna undanfarna mánuði, en nú er hann bundinn Arsenal næstu þrjú ár. – **kpt**



Giannis hefur fengið viðurnefnið gríska viðundrið (e. greek freak) vegna líkamlegra yfirburða sinna gegn andstæðingum sínum. FRÉTTABLAÐID/GETTY

Klukkan tifar í Milwaukee

Annað árið í röð stóðst lið Bucks ekki væntingarnar í úrslitakeppninni, með Giannis Antetokounmpo, besta leikmann deildarinnar, innanborðs. Með þessu áframhaldi gæti hugurinn leitað á nýjar slóðir.

NBA Það var ekki öfundsvert hlutverk fyrir stórstjörnuna Giannis Antetokounmpo að fylgjast með liðsfélögum sínum af hliðarlínunni þegar Milwaukee Bucks var sent í sumarfrí af Miami Heat í NBA-deildinni á dögnum. Giannis gat ekkert gert þegar Bucks voru sendir heim úr „búbbłuni“ sem NBA-deildin er að notfæra sér í Orlando til að ljúka tímabilinu, eftir að hafa leikið undir væntingum á ögurstundu annað árið í röð.

Fyrir vikið beinast augun að Giannis og framtíðarhorfum hans. Grikkinn á eitt ár eftir af samningi sínum við Milwaukee og getur því yfirgefið Bucks næsta sumar, en er á sama tíma í einstakri samningsstöðu, þar sem honum stendur til boða að skrifa undir stærsta samning í sögu deildarinnar.

Eftir að hafa verið valinn í úrvalslið NBA tvö ár í röð stendur honum til boða 247 milljóna dollara samningur til fimm ára, 44 milljónum

» Grikkinn er annar leikmaðurinn í sögunni sem er valinn besti leikmaður deildarinnar (e. MVP) sem leikmaður Bucks á eftir Kareem Abdul-Jabbar.

hærri en næststærsti samningur í sögu deildarinnar. Kjósi Giannis að leita á ný mið stendur honum til boða lægri samningur, um 160 milljónir til fjögurra ára.

Annað árið í röð átti Giannis að fara fyrir liði Bucks í úrslitakeppninni, í von um að binda endi á 49 ára bið eftir öðrum meistaratitli í sögu félagsins. Hægt og bitandi hefur liðið tekið skref fram á við á hverju ári í deildinni, með lið byggt

í kringum Giannis. Gríska leikmaðurinn er fjölhæfur á báðum endum vallarins og nýtir líkamann vel, sem hefur leitt til þess að hann er iðulega kallaður gríska viðundrið (e. greek freak). Liðið hefur verið með besta sigurhlutfallið í deildinni undanfarið tvö ár, en líkt og í fyrra tókst liðinu ekki að komast á áfangastað sem voru úrslit NBA-deildarinnar. Liðið var smíðað til að ná því besta fram úr Giannis, sem hefur skilað góðum árangri í deildarkeppninni, en til þessa telst árangurinn í úrslitakeppninni ekki nægilega góður án meistaratitils.

Fyrir vikið var umræðan fljót að snúast og velti Richard Jefferson, leikmaður til átján ára í deildinni, því fyrir sér í vikunni hvort að hann væri Scottie Pippen sem þyrfti á Michael Jordan að halda. Með öðrum orðum að hann þurfi að hafa aðra stærri stjórnun sér við hlið til að geta unnið meistaratitil og að Giannis þyrfti að vera aukanúm-

erið. Jefferson, sem varð meistari með liði Cleveland Cavaliers árið 2016, gaf Giannis engan afslátt með þessum orðum þó að Pippen hafi sjálfur stigið fram og komið Giannis til varnar.

Giannis hefur sjálfur sagt að hann sé ekki á förum frá Milwaukee og að hann ætli sér að byggja meistaralið í Milwaukee, en landslag NBA-deildarinnar hefur breyst undanfarna áratugi. Leikmenn eru sífellt tilbúnir að halda á ný mið í von um að næla í fyrsta meistarahringinn og tryggðin við félögin minnkar. Blaðamenn vestanhafs greindu frá því í vetur að Golden State Warriors ætluðu sér að næla í Giannis til að mynda nýtt ofurteymi, eftir að Kevin Durant yfirgaf félagið síðasta sumar. Félagið lék til úrslita fimm ár í röð og vann fimm meistaratitla og getur sýnt Giannis fordæmi um að leiðin að meistarahringnum sé greiðfær í San Fransisco.

kristinnpall@frettabladid.is

Sveindís Jane og Barbára Sól koma inn í A-landsliðið

FÓTBOLTI Fram undan eru tveir leikir hjá íslenska kvennalandsliðinu í knattspyrnu í undankeppni EM 2022, en þjálfarar íslenska liðsins, Jón Þór Hauksson og Ian David Jeffs, hafa valið leikmannahóp liðsins fyrir þá tvo leiki. Íslenska liðið mætir Lettlandi og Svíþjóð í næstu leikjum sínum, en leikirnir fara báðir fram á Laugardalsvelli.

Ísland leikur við Letta 17. september og svo Svíþjóð 22. september. Fyrir þessa leiki eru Ísland og Svíþjóð jöfn að stigum á toppi riðilsins með fullt hús stiga eftir að hafa spilað þrjá leiki hvort lið.

Fannðís Friðriksdóttir, Ásta Eir Árnadóttir og Sif Atladóttir eru í barneignarleyfi og verða ekki með í næstu verkefnum liðsins. Þá lék Margrét Lára Viðarsdóttir sinn síðasta landsleik á ferlinum þegar

hún skoraði eitt mark Íslands í 6-0-sigri í fyrri leiknum gegn Lettlandi í undankeppninni ytra.

Fannðís, sem verður ekki með í komandi leikjum af fyrrgreindum ástæðum, skoraði tvö mörk íslenska liðsins í þeim leik. Sá leikur var spilaður fyrir tæpu ári síðan en ekkert hefur verið spilaði síðan í undankeppninni vegna kórónaveirufaraldursins. Jóni Þór var vísað af varamannabekk íslenska liðsins úti í Lettlandi og tekur hann út í leiknum gegn Lettum heim.

Þórður Þórðarson, þjálfari U-19 ára landsliðs kvenna, var með Jóni Þór á blaðamannafundinum þar sem hópurinn var kynntur í gær, en hann mun koma inn í þjálfarteymi íslenska liðsins með Jeffs og Ólafi Péturssyni, markmannsþjálfara, í leiknum gegn Lettum.

Leikmannahópur íslenska liðsins

Markverðir

Sandra Sigurðardóttir
Cecilla Rán Rúnarsdóttir
Sonný Lára Þráinsdóttir

Varnarmenn

Barbára Sól Gísladóttir
Guðný Árnadóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir
Elísa Viðarsdóttir
Anna Björk Kristjánsdóttir
Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir
Glódís Perla Viggósóttir
Hallbera Guðný Gísladóttir

Tveir nýliðar eru í hópnum að þessu sinni en það eru Barbára Sól Gísladóttir, varnarmaður hjá Sel-fossi og Sveindís Jane Jónsdóttir

Miðjumenn

Karólína Lea Vilhjálmssdóttir
Alexandra Jóhannsdóttir
Dagný Brynjarsdóttir
Rakel Hönnudóttir
Sara Björk Gunnarsdóttir

Sóknarmenn

Sveindís Jane Jónsdóttir
Hlín Eiríksdóttir
Svava Rós Guðmundsdóttir
Aglá María Albertsdóttir
Sandra María Jessen
Berglind Björg Þorvaldsdóttir
Elín Metta Jensen

sem skorað hefur 10 mörk fyrir Breiðablik á Íslandsmótinu í sumar.

Leikmenn íslenska liðsins eru margir hverjir að koma í þessi

verkefni með góðan árangur með félagsliðum sínum í farteskinu. Má þar nefna að Sara Björk Gunnarsdóttir vann nýverið Meistaradeild Evrópu með liði sínu, Lyon, auk þess að verða bikarmeistari með liðinu fyrr í sumar. Glódís Perla Viggósóttir sem leikur með sænska liðinu Rosengård og Ingibjörg Sigurðardóttir sem spilar fyrir Vålerenga í Noregi á toppnum í efstu deild, með liðum sínum.

Berglind Björg Þorvaldsdóttir, sem er markahæsti leikmaður Íslandsmótsins með 12 mörk, var nýlega keypt til franska úrvalsdeildarliðsins Le Havre og Elín Metta Jensen og Hlín Eiríksdóttir hafa farið mikinn í sóknarleik toppliðs Vals. Elín Metta hefur skorað 11 mörk í deildinni og Hlín 10 mörk. – **hó**

VIÐ ERUM 50 ÁRA

Þess vegna bjóðum við
vegleg afmælistilboð
á næstu vikum. Fylgstu með.

50 ára
Afmælistilboð í allt haust



POTTAPLÖNTUR **20-50%** AFSLÁTTUR



-50%
Veðhlaupari
745kr
~~1.490kr~~



-50%
Hawaii rós
1.745kr
~~3.490kr~~



-50%
Guzmania
Hybrid
9 cm pottur
990kr
~~1.990kr~~



-50%
Flekkjugull
990kr
~~1.990kr~~

3 STK.
HAUST-
ERIKUR

-28%
Hausterikur
3 stk. að eigin vali
1.290kr
~~1.797kr~~



-17%
Liljur
3 stk.
1.490kr
~~1.790kr~~

HAUSTLAUKAR Í ÚRVALI

Túlípanar, Purissima, hvítir lágvaxnir, 50 stk.
Túlípanar, rauður, Riding Hood 10/12, 50 stk.
Túlípanar, Elite tvílitur rauður & gulur, 50 stk.
Túlípanar, gulur, Golden Oxford, 50 stk.
Túlípanar, rauður, Apeldoorn, 50 stk.
Páskaliljur, 20 stk.
Túlípanar, Peacock Mixed, 50 stk.
Krókusar fjólubláir Grand Maitre, 50 stk.
Krókusar hvítir Jeanne D'ARC, 50 stk.
Krókusar, blandaðir litir, 50 stk.

Frábært verð
Magnpakkning

1.990kr/pk.



50%

kynningar-
afsláttur
af völdum tegundum

Tulipa Single Early Mixed 10 stk.
449 kr. 899kr.

Crocus Botanical Sieberi Tricolor 25 stk.
449 kr. 899kr.

Fritillaria Imp. Rubra 1 stk.
574 kr. 1.149kr.

HAUSTLAUKA- RÁÐGJÖF

Kl. 13-17 í Skútuvogi

Lára Jónsdóttir,
garðyrkjufraeðingur
verður með skemmti-
lega ráðgjöf um
haustlauka, föstudag,
laugardag og sunnu-
dag kl. 13-17 í Skútuvogi.



TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1967 Sildarleitarskipið Árni Friðriksson kemur til landsins. Það er nefnt eftir Árna Friðrikssyni (1898-1966), sem stundaði rannsóknir á sild og þorski við Ísland.

1973 Herinn, undir forystu Augustos Pinochets herforingja, rænir völdum í Chile, með leynilegum stuðningi Bandaríkjanna.

1976 Farþegaþota frá TWA, sem hafði verið rænt, hefur viðkomu á Keflavíkurflugvelli til að taka eldsneyti. Eftir tveggja stunda viðdvöl heldur hún frá Keflavík til Parísar þar sem ræningjarnir gefast upp.

2001 Al-Kaida rænir fjórum farþegaþotum og flýgur á byggingar í New York og Virginíu. 2.973 láta lífið í árásum.



Eiginkona mín

Ólöf Guðrún Eyjólfsson
Lóla Eyjólf

lést á Landspítalanum í Fossvogi
9. ágúst síðastliðinn. Útförin hefur farið
fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Þórhallur M. Einarsson



Ástkær systir okkar, mágkona
og móðursystir,

Kolbrún Sævarsdóttir

héraðsdómari,
Grænuhlíð 4, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi miðvikudaginn 9. september.
Útförin verður auglýst síðar.

Eva Guðrún Gunnbjörnsdóttir
Stefán Kristján Gunnbjörnsson
Steinunn Margrét Larsen
Jóhannes Arnar Larsen
Fríðrik Rafn Larsen
Linda Rut Larsen

Örn Elvar Arnarson
Páll Jóhannsson
Rannveig Skúla Guðjónsdóttir
Íris Mjöll Gylfadóttir
Eiður Ingi Sigurðarson
Freyja Guðrún Mikkelsdóttir, Eldgrímur Kalman
og Gunnbjörn Ernir Atlas Arnarsynir



Ástkær eiginkona mín,
móðir, dóttir og systir okkar,

Hallfríður Ólafsdóttir

flautuleikari,

lést föstudaginn 4. september á
Líknardeild Landspítalans.

Útförin fer fram frá Víðalínskirkju
mánudaginn 14. september klukkan 15. Vegna aðstæðna í
þjóðfélaginu verður einungis fjölskyldu og nánustu vinum
boðið í athöfnina en henni verður streymt á eftirfarandi
hlekk: <https://youtu.be/5OGBGJp2VaY>

Ármann Helgason
Gunnhildur Halla Ármannsdóttir
Tryggvi Pétur Ármannsson
Ólafur Tómasson
Tómas Björn Ólafsson
Maria Ólafsdóttir
Kristín Anna Ólafsdóttir
og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

Sveinn Jónsson

vörubílfreidastjóri,
Naustabryggju 4,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 23. ágúst.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins
látna. Við þökkum auðsýnda samúð og samhug.
Þá þökkum við starfsfólki 3-S Eirar innilega fyrir
góða umönnun.

Dagbjört Hafsteinsdóttir
Hafdis Sveinsdóttir
Sigríður Ingibjörg Sveinsdóttir
Jón Hjálmar Jónsson
Hallgrímur Þorsteinsson
Eyþór Ágúst Kristjánsson
Svala Sigurvinsdóttir
barnabörn og langafabörn.



„Við fáum hér ágætt veggpláss,“ segir Margrét, formaður bútasaumsfélagsins, stödd í Hásölum. FRÉTTABLAÐID/VALGARÐUR

Bæði til nytja og skrauts

Með litríku tauí, liprum fingrum og leikni á saumavélar, eru töfraðar fram listvörur sem getur að líta á sýningu Íslenska bútasaumsfélagsins í Hásölum í Hafnarfirði.

Félagið okkar er 20 ára í nóvember á þessu ári, en við tökum aðeins forskot á sæluna og höldum afmælis-sýningu núna,“ segir Margrét Óskarsdóttir, formaður Íslenska bútasaumsfélagsins.

Sýningin er opin frá 13 til 17 í dag, föstudag, og báða helgardagana í Hásölum, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju. „Við fáum hér ágætt veggpláss og eitthvað leggjum við á borðin í kaffistofunni. Erum hér meðal annars með sett af verkum – svona sitt lítið af hverju – sem við förum með til Birmingham á sýningu. Við erum félagar í European Quilt Association og tökum þátt í sýningu á vegum þess sem hefur verið haldin árlega, þar til núna.“

Margrét nefnir líka tombólu á sýningunni þar sem verða engin núll. „Við seljum miða, fólk dregur númer og þá er lott-erí hvað hver fær,“ útskýrir hún. En býst hún ekki við vandamálum við að halda fjarlægðarmörk? „Nei, þetta er nokkuð stór salur, það er leyfilegt að 200 manns komi saman með metersbili á milli, það verða nú ekki allir hér á sama tíma og við treystum því að fólk passi sig.“

Um 300 félagsmenn eru í hinu tvítuga Íslenska bútasaumsfélagi, allt konur,



Við höldum okkar striki og búum til fjölbreytt verk, eins og sjá má á þessari sýningu. Nokkrar konur eru farnar að gera andlitsmyndir, það er allt hægt.

nema einn, að sögn Margrétar. Auk þess segir hún klúbba víða um land og þar séu áreiðanlega eitt til tvö hundruð. En saumar hver í sínu horni eða er hist til að sauma? „Við hittumst einu sinni í mánuði í húsnæði Garðyrkjunefndar Íslands. Þar er gott að vera. Þá er oft einhver fræðsla eða sýning. Svo er alltaf saumadagur í janúar og þá fáum við gjarnan kennslu í einhverjum aðferðum. Þetta er mjög skemmtilegur félagskapur,“ lýsir hún.

Alltaf er þróun í greininni, að sögn Margrétar. „Bútasauður er orðinn óhefðbundnari en hann var í byrjun.

Bæði eru nýjar aðferðir tilkomnar og efnin taka breytingum. Lengi vel voru þau mest í haustlitunum en nú eru komnir bjartari litir frá nýjum framleiðendum,“ segir hún. „Skandinavísk efni eru til dæmis skemmtileg.“ Spurð hvort heimili bútasaumsfólks séu þrekkir með þráðlistaverkum svarar hún: „Það er misjafnt, jú, eitt og eitt verk fer á vegg, eða dettur á borð og rúm. Það hefur ekki verið mikið um sölu bútasaumsvara, að ég held, þetta er meira til gamans gert og til að fegra og prýða.“

Ekki kveðst Margrét hafa orðið vör við að bútasauður hafi gildið fyrir naumhyggjuna sem einkennt hefur mörg heimili á þessari öld. „Við höldum okkar striki og búum til fjölbreytt verk, eins og sjá má á þessari sýningu. Nokkrar konur eru farnar að gera andlitsmyndir, það er allt hægt. Hér eru hlutir bæði til nytja og skrauts.“

Margrét segir félagið hafa efnt til samkeppni í tilefni 20 ára afmælisins. Verkin eigi að vera af vissri stærð og þema þeirra náttúra Íslands. Verðlaunaafhending verði á morgun, laugardag, í Hásölum klukkan 14.30. Dómarar séu Helga Jóhannsdóttir og Guðrún Hannele og önnur hvor þeirra muni gera úrslit kunn. gum@frettabladid.is

Nemendur Hvolsskóla klifu fjöll í kring um sig

Nemendur og starfsmenn í Hvolskóla örkuðu á fjöll í Rangárfingi nýlega. Þetta er áttunda haustið í röð sem sá síður er við lýði. Verkefnið gengur undir nafninu Tíu tinda ganga, því markmiðið er að hver nemandi sem er í skólanum í tíu ár hafi farið á tíu tinda í héraðinu við lok grunnskólagöngu.

Venju samkvæmt fór 1. bekkur á Stóra-Dímon og 2. til 4. bekkur yfir Vatnsdalsfjall. 5. til 7. bekkur gekk á Þórólfsfell og 8. til 10. bekkur á Þríhyrning.

Lagt var af stað í blíðskaparveðri en þegar leið á daginn fór að rigna. Enginn er samt verri þó hann vökn, allir komust á toppinn og sigurreifir en þreyttir nemendur komu heim eftir daginn.

Heimild: hvolsvollur.is



Gott er að hvíla lúin bein í mjúkum mosa Þórólfsfells. MYND/HVOLSSKÓLI

EXTRA ÓDÝRT

HEIMILISVÖRUR Á BETRA VERÐI



NOCCO
330 ML
239
KR/STK
724 KR/L



KJÖRFUGL
BRINGUR
1999
KR/STK
1999 KR/KG



MS
LÉTTMJÓLK
D-VÍTAMÍNÆTT
1L
189
KR/STK
189 KR/L



MYLLAN
HEIMILISBRAUÐ
770 G
369
KR/STK
479 KR/KG



SÓMA
SAMLOKA
& GOS*
599
KR/COMBO



SMJÖRVI
400 G
569
KR/STK
1423 KR/KG



BLÁBER
500 G-FATA
999
KR/STK
1998 KR/KG



SÓMA
LANGLOKA
& GOS*
699
KR/COMBO



JARÐARBER
ÍSLENSK-200 G
499
KR/STK
2495 KR/KG



STJÖRNU-
EGG STÓR
816 G
529
KR/STK
648 KR/KG



NÝ VERSLUN Á BARÓNSSTÍG



FRÍ BÍLASTÆÐI FYRIR VIÐSKIPTAVINI



Kemur með Costco til þín...

Barónsstíg 4, 101 Reykjavík
Mýrarvegi, 600 Akureyri
Hafnargata 51-55, 230 Reykjanesbæ

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
10 3 °C ←	2 15 °C ↘	8 1 °C ↓
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
8 2 °C ↓	9 2 °C ↑	5 1 °C ↑

Norðaustan 13-20 m/s og rigning norðvestantil í dag, en annars austlæg eða breytileg átt og skúrir. Hiti 2 til 10 stig.

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11 5 °C ↘	2 9 °C ↘	7 2 °C ↘
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
6 7 °C ↓	10 4 °C ←	3 9 °C ↘

Sunnudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9 4 °C ←	2 3 °C ↘	2 1 °C ↘
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
5 1 °C ↘	7 5 °C ←	3 0 °C 0

LÉTT

3	1			9	8			
							4	8
	2		3	5		6		
8			5		3		1	
	7				9	2	3	
		9	6	1				
			2		1		8	
	6					2	3	
			7		5			

MIDLUNGS

		7		1	3		9	
5			7			1		
	1		6				5	
	9	5	2				4	
		6	4			8		
3	7			5	1			
6					8			4
	5	9			7		8	
				6		9		

PUNG

5	8							
	6	1	3			7	2	
		2	8			3		
	1	6						7
9	7				3	2	4	
					5	9		1
6	2		9			4	5	
					8			
				3	4			9

Krossgáta

- LÁRÉTT
1 niðurfelling
5 skordýr
6 ryköggn
8 áhald
10 bráðræði
11 ágæt
12 strengur
13 væla
15 eftirvæntingu
17 út
- LÓÐRÉTT
1 aflögu
2 fljótræði
3 veiðarfæri
4 kvk nafn
7 ruglun
9 dagsetur
12 lasleiki
14 hrópi
16 átt

1	2	3		4	
5				6	7
8					
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 aflám, 5 flö, 6 ar, 8 gatar, 10 an, 11 ringlun, 9 aftarm, 12 slen, 14 öpi, 16 na.
LÓÐRÉTT: 1 afgangs, 2 flam, 3 nóf, 4 marla, 7 fin, 12 stæg, 13 spennu, 17 innar.

Skák Gunnar Björnsson

Vincent Keymer átti leik gegn Niclas Huschenbeth á móti á Chess24.

1...Rg3+!! 2. hxxg3 Kg7! 3. Rxc8 Hd8! 4. g4 Hh8# 0-1.
Í kvöld hefst mót í Fischer-slembiskák á netinu. Meðal keppenda eru Magnús Carlsen og sjálfur Garry Kasparov. Haustmót TR hefst á sunnudaginn. Skráningarfrestur rennur út kl. 22 á morgun.

www.skak.is: Kasparov mætir til leiks!

Hvítur á leik



4	2	6	5	8	9	7	3	1
1	3	8	6	4	7	2	5	9
5	7	9	2	3	1	6	4	8
6	4	1	7	9	8	3	2	5
3	5	2	1	6	4	9	8	7
8	9	7	3	2	5	4	1	6
7	8	3	4	1	6	5	9	2
2	1	5	9	7	3	8	6	4
9	6	4	8	5	2	1	7	3

5	7	9	6	8	3	2	1	4
1	2	6	7	9	4	3	5	8
8	3	4	5	1	2	6	7	9
9	4	5	8	2	7	1	3	6
2	1	7	3	4	6	8	9	5
3	6	8	9	5	1	4	2	7
6	8	2	1	7	9	5	4	3
4	9	3	2	6	5	7	8	1
7	5	1	4	3	8	9	6	2

5	8	1	6	7	9	2	3	4
7	3	6	2	4	8	5	1	9
9	4	2	3	5	1	8	6	7
6	5	9	4	8	2	3	7	1
4	1	7	9	3	5	6	2	8
8	2	3	7	1	6	4	9	5
1	6	8	5	9	3	7	4	2
2	7	5	1	6	4	9	8	3
3	9	4	8	2	7	1	5	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Litróf mennskunnar



Anna Tara Edwards og Högni Egilsson eiga það sameiginlegt að hafa greinst rúmlega tvítug með geðhvarfasýki. Það varð til þess að fyrir fjórum árum ferðuðust þau saman til Nepal, heimaslóða Önnu Töru, til að skapa umræðu-grundvöll þar sem hann fannst ekki áður.

Konur í aukinni hættu

Mikil neyð ríkir í Líbanon um þessar mundir, sprengingar í Beirút þann 4. ágúst síðastliðinn lögðu borgina í rúst og kölluðu hörmungar yfir landið. Í slíkri neyð er aukin hættu á ofbeldi gagnvart konum.

Evrópa hrundi

Klemens Hannigan og Anna Hildur Hildibrandsdóttir segja frá sögunum á bak við myndina A Song Called Hate sem frumsýnd verður á RIFF, álaginu sem fylgdi ferðinni til Palestínu og Ísraels og mikilvægi þess að taka afstöðu.



Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi



Hrafnkell við ljósmyndaverkið í Gryfjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég sé að fegurðin býr þarna

Fæðing Guðanna eða Freeze Frame er sýning Hrafnkels Sigurðssonar í Ásmundarsal. Vann ísskúlp túra í samvinnu við náttúruöflin. Ljósmyndaverk er sýnt í Gryfjunni.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Fæðing Guðanna eða Freeze Frame er sýning Hrafnkels Sigurðssonar í Ásmundarsal. Á sýningunni eru sex verk, fimm vídeóskjáiir í sýningarsal og eitt stórt ljósmyndaverk í Gryfjunni.

Hrafnkell hóf vinnu við verkin haustið 2014. „Ég vann ísskúlp túra í samvinnu við náttúruöflin uppi á Skálafelli. Ég lagði til grindina og náttúran sá um að hlaða ís á grindurnar og úr urðu óvænt form sem ég myndaði og kvikmyndaði yfir langt tímabil,“ segir hann.

„Ísskúlp túrarnir á skjánum snúast ofur hægt. Það þarf að fara frá og koma aftur að þeim til að sjá þessa hægu hreyfingu, kannski líkt og með náttúruna,“ segir Hrafnkell.

Gestir heyra í tónverki sem fylgir vídeóunum, en það vann Þorsteinn Eyfjörð í samstarfi við Hrafnkel. „Þegar ég var, í byrjun janúar í brjál- uðu veðri, að setja upp skúlp túrinn sem er járngrind þá blés vindurinn í pípurnar á skúlp túrnunum og bjó til hljóðið sem mér fannst smellpassa við sýninguna.“

Merkilegur punktur

Andri Snær Magnason skrifar sýningartexta og segir meðal annars: „Það er verið að veiða, fanga, grípa og festa hið forgengilega. Í rauninni er um að ræða klassíska aðferð myndhöggvarans, sem byrjar með grind sem verður undirstaðan fyrir leir eða gífs sem síðan er hlaðið utan á, hér er unnið með hrím og ís sem hleðst á fyrirfram mótaða grind ... Að vinna með ís getur ekki talist hlutlaus athöfn í samtímanum, að laða til sín ísinn, að vinna með honum, að finna fegurð hans, að



Ísskúlp túrar á skjá snúast ofurhægt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á TÍMABILI KALLAÐI ÉG MIG HRÍMBÓNDA ÞVÍ ÉG VAR AÐ LÁTA ÍSINN VAXA, SEM VAR EINS OG MÓTVÆGISADGERÐ GEGN BRÁÐNUN JÖKLA.

rækta ísinn eins og blóm eða tré.“

Spurður hvort að í verkunum felist áminning um loftslagsvána og bráðnun jökla segir Hrafnkell: „Ég lagði ekki meðvitað upp með það en þegar ég var byrjaður sá ég að það var þarna einhver punktur í þá átt. Á tímabili kallaði ég mig hrím- bónda því ég var að láta ísinn vaxa, sem var eins og mótvægisadgerð gegn bráðnun jökla. Ég leit á þennan punkt frekar eins og léttan brand- ara og hugleiddi þetta ekki frekar fyrr en Andri Snær minntist einmitt á þennan þátt í sýningarskranni, án þess að við hefðum nokkuð rætt um það. Þá sá ég að þessi punktur í fer- linu var kannski miklu merkilegri en ég gerði mér grein fyrir meðan ég var að vinna verkin.“

Heltekinn af verkefninu

Hrafnkell segist hafa verið heltekinn af þessu verkefni sem var mörg ár í vinnslu. „Þetta byrjaði sem fikt og forvitni, sem ég vissi ekki hvert myndi leiða. Ég prófaði alls konar form og ýmsar leiðir. Ég var sann- færður um að þetta gæti orðið að einhverju og það tók allan þennan tíma að ná því.“

Fegurð jöklanna fer ekki fram hjá neinum sem sér verkin. „Ég sé að fegurðin býr þarna og mér finnst mjög eftirsóknarvert að fanga hana ef ég mögulega get, segir listamað- urinn.“

Sýning Hrafnkels stendur til 18. október en ljósmyndaverkið í Gryfju verður til sýnis til 5. októ- ber.



Björn Thoroddsen leikur í kirkjunni í Saurbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tónleikar í Saurbæ

Tónleikar til styrktar menn- ingarsetri við Hallgríms- kirkju í Saurbæ í Hvalfirði, verða haldnir í kirkjunni sunnu- daginn 13. september klukkan 14.00. Flytjendur er Unnur Birna Björnsdóttir, Björn Thoroddsen og Sigurgeir Skafti Flosason, en þau munu leika blús, djass og rokk.



Litir og form leika saman í myndum Elinborgar á sýningu hennar í Fold.

Flæði í Gallerí Fold

Flæði, einkasýning Elinborgar Ostermann Jóhannesdóttur, verður opnuð í Gallerí Fold þann 12. september kl. 14.00. Þar sýnir Elinborg abstrakt málverk, unnin með akríllitum, þar sem litir og form leika saman í áköfu flæði.

» ÁRIÐ 1974 FLUTTI HÚN TIL VÍNARBORGAR ÞAR SEM HÚN KYNTTIST VATNSLITAMÁLUN OG SÓTTI MEÐAL ANNARS NÁMSKEIÐ HJÁ ÞEKKTUM LISTAMÖNNUM.

Elinborg Ostermann Jóhannes- dóttir er fædd í Reykjavík árið 1954. Á árunum 1964–1966 sótti hún námskeið við Myndlistaskóla Reykjavíkur en árið 1974 flutti hún til Vínarborgar þar sem hún kynnt- ist vatnslitamálun og sótti meðal annars námskeið hjá þekktum lista- mönnum í þeirri grein. Einnig hefur hún sótt námskeið hjá Kunstfabrik Wien. Þetta er þriðja einkasýning Elinborgar hjá Gallerí Fold.

Útskriftarviðburður

Laugardaginn 12. september stendur listkennsludeild Lista- háskóla Íslands fyrir útskrift- arviðburði í Menningarhúsinum í Kópavogi.

Viðburðurinn er hluti af útskrift- arhátíð LHÍ og þar kynna verðandi listgreinakennarar meistaraverk- efni sín með fjölbreyttum hætti. Í boði verða margs konar erindi og listasmiðjur fyrir alla fjölskylduna.

Dagskrá stendur frá kl. 10.00- 15.00 og er öllu fólki opin: börn ásamt aðstandendum eru sérstak- lega boðin velkomin á leir- og dans- smiðjur.



Góðir vinir snúa aftur



KAPPSMÁL

Hefst í kvöld kl. 19.40

Skemmtipættir um íslenska tungu í umsjón Bjargar Magnúsdóttur og Braga Valdimars Skúlasons. Önnur þáttaröð og þátttakendur etja sem fyrr kappi í fjölbreyttum leikjum og þrautum.

VIKAN

MEÐ GÍSLA MARTEINI



Hefst í kvöld kl. 20.40

Gísli Marteinn tekur á móti gestum og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Brakandi fersk tónlistaratriði og ómissandi innsög Berglindar Festival koma landsmönnum í helgarstemninguna.

 RÚV

okkar allra

22

MENNING · FRÉTTABLAÐIÐ

11. SEPTEMBER 2020 FÖSTUDAGUR

DAGSKRÁ

Föstudagur

HRINGBRAUT

20.00 Bærinn minn (e) Þátturinn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.

20.30 Fasteignir og heimili (e) Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.

21.00 21 - Úrval á föstudegi Samantekt úr bestu og áhuga-verðustu viðtölunum úr Tuttugu-ogeinum í liðinni viku.

21.30 Saga og samfélag (e) Þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

13.00 Spaugstofan 2004-2005
13.25 Basl er búskapur
13.55 Kastljós
14.10 Menningin
14.20 Gettu betur 2013 MA - MR
15.25 Í blíðu og stríðu - Sambúð eða vígsla? Fyrir 150 árum var algengt að fólk gengi í hjónaband af allt öðrum ástæðum en ástinni. Í þessum þætti hittum við meðal annars þátttakendur sem fóru þvert á venjur samfélagsins þegar þau fundu ástina á ný á miðjum aldri og hófu sambúð án þess að gefa sig. Í Noregi var nefnilega ólöglegt að búa í óvígðri sambúð fram til ársins 1972.

16.00 Hið sæta sumarlíf
16.30 Hljómskálinn III
17.10 Ólympíukvöld ÓL 1992
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn Jamie
18.29 Herra Bean Mr Bean
18.40 Húllumhæ
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Kappsmál
20.40 Vikan með Gísla Marteini
21.25 Séra Brown Father Brown
22.10 Norrænir biódagar. Glæfraleg götukeppni Börning Roy er að gera gula Mustanginn sinn kláran til að keppa í ólöglegum kappakstri þegar dóttir hans kemur í óvænta heimsókn. Leikstjóri: Hallvarð Bræin. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

23.40 Vera - Ungi maðurinn í hellinum Vera. Tuesday's Child Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlögreglukonu á Norðymbralandi. Vera rannsakar dauða ungs manns sem finnst látinn í helli. Með aðalhlutverk fara Brenda Blethyn og David Leon. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

01.10 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Cool Kids
15.25 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Fam
19.30 Broke
20.00 Ást Kolbrún Pálína og Kristborg Böel sameina krafta sína í nýjum þáttum sem heita Ást.
20.25 Pabbi skoðar heiminn
21.00 Nancy Drew
21.50 Charmed (2018)
22.35 Love Island
23.30 Star
00.15 Puncture
01.55 The Act
02.50 Billions
03.40 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Heimskviður
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Siðdegisfréttir
16.05 Glans
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur Örvar Kristjáns-son, fyrri þáttur
19.45 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldasagan. Sjálfstætt fólk (35 af 49)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 The Good Doctor
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Í eldhúsi Evu
10.35 Tribe Next Door
11.20 Jamie's Quick and Easy Food
11.50 Trans börn
12.35 Nágrannar
12.55 Great Expectations
14.40 Splitting Up Together
15.05 Ghetto betur
15.50 Honey. Rise Up and Dance
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Tala saman
19.35 Britain's Got Talent 14
20.35 Passengers
22.30 Light of my Life
00.30 I, Robot
02.20 Replicas

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Modern Family
21.05 My Dad Wrote a Porno
22.05 Major Crimes
22.45 Schitt's Creek
23.10 American Dad
23.30 Bob's Burgers
23.55 Friends
00.15 Friends
00.40 Modern Family

STÖÐ 2 SPORT

10.25 Valur - HK Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
12.05 FH - Stjarnan Útsending frá leik í 8 liða úrslitum Mjólkurbikars karla.
13.45 Breiðablik - KR Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
15.25 Mjólkurbikarmörkin
16.35 Seinni bylgjan - kvenna
17.50 Stjarnan - FH Bein útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
19.50 Stjarnan - Selfoss Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
21.30 Seinni bylgjan - karla
23.00 KR - ÍBV Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
23.10 Þróttur R. - Þór/KA Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
23.20 FH - Fylkir Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.

STÖÐ 2 SPORT 2

10.25 AIG Women's British Open Official Film
11.25 Danmörk - England Útsending frá leik í Þjóðadeild UEFA.
13.05 Frakkland - Króatía
14.45 Þjóðadeildarmörkin
15.10 The Womens Amateur Championship Highlights
16.00 The Amateur Championship Highlights
16.50 Uppgjörspáttur Evrópu-deildarinnar 2019/2020
17.40 Uppgjörspáttur Meistaradeildarinnar 2019/2020
18.35 Watford - Middlesbrough Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
20.40 La Liga Show 2020/2021
21.05 NFL Hard Knocks. Los Angeles

GOLFSTÖÐIN

06.55 LET Tour 2020
10.00 European Tour 2020 Bein útsending frá Portugal Masters.
12.00 PGA Special. The Alamo 2020
13.00 European Tour 2020 Bein útsending frá Portugal Masters.
16.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá ANA Inspiration á PGA Tour.
20.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá Safeway Open á PGA Tour.
23.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá ANA Inspiration á PGA Tour.

STÖÐ 2 BÍÓ

11.05 Buzz Heimildamynd frá HBO sem fjallar um rithöfundinn og Pulitzer verðlaunahafann Buzz Bissinger.
12.30 Housesitter
14.10 Shallow Hal
16.00 Buzz
17.25 Housesitter
19.05 Shallow Hal
21.00 The Ugly Truth Katherine Heigl leikur framleiðanda morgunþáttar sem er að dala í vinsældum.
22.30 Lucy in the Sky
00.35 Tale of Tales
02.45 The Ugly Truth

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

ILVA

Sparaðu

25-50%

AF ÖLLUM LJÓSUM

10. - 28. SEPTEMBER

Sparaðu

25%

AF PERUM

Sparaðu

20%

AF KERTUM

NÚ 22.495

SPARAÐU 7.500

BOULE LOFTLJÓÐ Svart eða hvítt. Ø34 cm.
29.995 kr. NÚ 22.495 kr.

NÚ 29.995

SPARAÐU 10.000

BOULE LOFTLJÓÐ Burstaður kopar. Ø34 cm.
39.995 kr. NÚ 29.995 kr.

ILVA Korpustorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

netgíró
VALITOR



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND



INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



Ingibjörg Eva, Guðrún Ýr, Emelía Rán, Jana Kristín, Margrét Sóley ásamt íslenskukennaranum sínum, Álfheiði Ingólfssdóttur, sem er ekki síður margs vísari eftir fjóra spennandi filmudaga.



Maria Ericsson er búin að fara í gegnum fjögurra daga dramatiska og lærdómsríka rússíbana-reið með stelpunum filmandi, Lisu Margréti, Þorfinnu Helgu, Kristínu Keren og Ester Lind.

Stelpurnar filmandi rétta kynjahallann

Stór og hress hópur grunnskólastelpna sótti námskeiðið Stelpur filma! sem á að rétta kynjahallann í íslenskri kvikmyndagerð. „Þær eru æði,“ segir Erla Stefánsdóttir um kvikmyndagerðarkonur framtíðarinnar.

Um 60 stelpur, flestar úr 8. og 9. bekk í grunnskólum Reykjavíkur, lærðu nokkur undirstöðuatriði í kvikmyndagerð á námskeiðinu Stelpur filma! sem var haldið í Norræna húsinu í þriðja sinn í vikunni.

„Þær eru æði og maður sér þær breytast á hverjum degi,“ segir Erla Stefánsdóttir verkefnisstjóri hjá Mixtúru, um kvikmyndagerðarkonurnar ungu sem hafa á síðustu dögum fengið leiðbeiningar og innblástur frá reyndum handritshöfundum og kvikmyndagerðarfólki.

„Við erum að reyna að slá á kynjahallann með þessu og efla stelpur, valdefta þær til að gera kvikmyndir,“ heldur Erla áfram, um skökk kynjahlutföllin í kvikmyndagerð á Íslandi, en margir samverkandi þættir gera það að verkum að stelpur eru ólíklegri til þess að prófa sig áfram í greininni og láta rödd sína heyrast.

Erla segir vonir bundnar við að námskeiðið geti orðið liður í að leiðrétta þessa skekkju með því að bjóða upp á rými þar sem stelpur fá næði til þess að þroska hæfileika sína og mynda tengsl við kvenkyns fyrirmyndir.

Klippingin heillar

Álfheiður Ingólfssdóttir íslenskukennari í Sæmundarskóla fylgdi nemendum sínum á námskeiðið og hafði ekki síður gagn og gaman af, en þær Ingibjörg Eva, Guðrún Ýr, Emelía Rán, Jana Kristín og Margrét Sóley, sem hafa ekki síst hrifist

af göldrum kvikmyndaklippingarinnar.

„Maður er búinn að læra alveg gríðarlega margt hérna sem mun nýtast í kennslunni,“ segir Álfheiður og bætir við að þar sem skapandi skrif séu óumdeildur grunnur kvikmyndagerðar, megi hæglega tengja þetta beint við íslenskunámið.

Stelpurnar segja aðspurðar að það sé mjög gaman á námskeiðinu. Bara „geggjað“ og þá hafi ekki síst verið skemmtilegt að taka upp og þæla í klippingum og hreyfingum með tökuvélinni.

Margs vísari eru þær á einu máli um að þær muni framvegis horfa öðruvísi á til dæmis Netflix og örugglega velta fyrir sér sjónarhornum og beitingu myndavélarinnar.

Hvað væntanlega frumsýningu á stuttmyndinni þeirra varðar, segja þær smá stress fylgja spennunni og eftirvæntingunni, en framleiðslan gangi hins vegar vel í listrænni sátt og samlyndi. „Það er mjög góð samvinna hjá þessum stelpum,“ staðfestir kennarinn.

Fjögurra daga rússíbani

Lísu Margrét, Þorfinna Helga, Kristína Keren og Ester Lind, eru í 7.-10. bekk í Suðurhlíðarskóla og komu með stuttum fyrirvara á námskeiðið, í fylgd hönnuðarins Maríu Ericsson, sem er forfallakennari og tók nokkuð óvænt að sér að halda utan um hópinn.

Stelpunum ber saman um að það sé alveg hægt að læra rosalega mikið á þessu námskeiði og að handritavinnan sé ekki síst skemmtileg.

„Við duttum inn í verkefnið svo-



Baltasar Kormákur vakti á sínum tíma athygli á kynjahallanum í kvikmyndabransanum á Íslandi og gaf sér góðan tíma til að svara spurningunum sem stelpurnar létu rigna yfir hann að loknu einlægu erindi hans.



Erla Stefánsdóttir stýrir verkefninu og gætir þess að stelpurnar fái að kynna öllum grundvallaratriðum kvikmyndagerðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

VIÐ ERUM AÐ REYNA AÐ SLÁ Á KYNJAHALL-ANN MEÐ ÞESSU OG EFLA STELPUR, VALDEFTA ÞÆR TIL AÐ GERA KVIKMYNDIR.

litið á síðustu stundu og erum búnar að fara í gegnum alls konar svona tilfinningarússíbana,“ segir María, sem hefur séð stelpurnar breytast á þessum fjórum dögum.

„Ég hef lært svo mikið af þessu sjálf og ég sé bara á þessum fjórum dögum að ótrúlegustu hlutir hafa gerst og við höfum fengið fjögurra ára kvikmyndanáms á fjórum dögum. Eða að minnsta kosti stórkostlegan aðgang að hæfileikaríkasta fólkinu í bransanum hérlandis. Þvílík gjöf, þvílíkt tækifæri,“ segir María.

Góðir gestir

„Þetta er mjög stíft prógramm,“ segir Erla um námskeiðið, þar sem kennararnir hafa ekki verið af verri endanum en meðal þeirra sem hafa kennt stelpunum síðustu fjóra daga eru Margrét Örnólfsdóttir handritshöfundur, Nanna Kristín Magnúsdóttir, leikkona og leikstjóri, Valdís Óskarsdóttir klippari, framleiðandinn Margrét Jónasdóttir og Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri.

Erla segir að Stelpur filma-verkefnið megi einmitt rekja til þess að Baltasar gerði hinn mikla kynjahalla að umtalsefni. „Það var Baltasar sem vakti athygli á þessu á Íslandi, eða þegar hann talaði um þetta þá kannski hlustuðu einhverjir og úr varð þetta verkefni,“ segir Erla og bætir við að síðast þegar Baltasar hafi komið á námskeiðið hafi hann gefið mikið af sér. „Hann talaði mikið um sjálfan sig, um kvikmyndagerð og hvatti þær áfram.“

Í dag vinna stelpurnar frjálst að lokaverkefnum sínum, 35 mínútna stuttmyndum sem þær skila á sunnudaginn. „Þetta eru níu skólar og hver skóli gerir eina stuttmynd en það eru sex stelpur í hverjum hóp og myndirnar verða sýndar á RIFF,“ segir Erla um samstarfið við Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík, sem sýnir stelpunum þann sóma að gefa þeim kost á að bjóða aðstandendum að sjá myndir þeirra í bíósal.

toti@frettabladid.is

SPORTPAKKINN+



GAME>PASS

Tryggðu þér áskrift að **SPORTPAKKANUM**
og bættu við **NFL GAME PASS** fyrir aðeins 2000 kr./mán.*



SPORT

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**


*6 mánaða binding og þú sparar allt að 16.000 kr. (Miðað við gengi dollars 9. september 2020)

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup, jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.



Hildur Mist er menntaður fatahönnuður og starfar sem rekstrarstjóri Rauða kross-búðanna. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Endurnýtt líf með breyttu hugarfari

Verslun með notuð föt vex með breyttu hugarfari og áherslu á minni neyslu og betri nýtingu þess sem er til fyrir. **Hildur Mist** ritstýrir tískublaðinu Endurnýtt líf sem Rauði krossinn gefur út.

Tískublaðið Endurnýtt líf kemur út í dag, en það er gefið út á vegum Rauða krossins. Hildur Mist Friðjónsdóttir er ritstýra blaðsins, ásamt því að vera rekstrarstjóri verslana Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.

„Eftir að ég byrjaði að vinna hjá Rauða krossinum hef ég orðið miklu meðvitaðri um endurnýtingu fata, þótt ég hafi vissulega haft áhuga á „vintage“-fötum fyrir það. Núna hef ég mun meiri áhuga á að velja þessu fyrir mér og mikilvægi þess,“ segir Hildur Mist.

Nýtir fötin vel

Hildur verslar í dag nánast eingöngu notuð föt og segir að hún og fjögurra ára gamall sonur hennar hafi varla farið í nýja flik síðasta rúma árið.

„Ég er samt ekki nógu dugleg að breyta fötum sjálf, en ég veit þó að margir kunnar okkar setja það ekki fyrir sig að flikin passi ekki, þá er ætlunin bara að laga þau til þegar heim er komið. En ég nota fötin mín ótrúlega mikið. Ég var til dæmis í jakka í vikunni sem ég notaði þegar ég var í Versló fyrir 16 árum,“ segir Hildur Mist.

Hildur segist ánægð með þá hröðu byltingu sem hefur orðið, þegar kemur að meðvitund um nýtingu og neyslu, þegar kemur að fatnaði.

„Maður finnur það mikið á kunnahópnum. Vissulega eru notuð föt líka í tísku, en það eru mjög margir sem eru að koma út af breyttu hugarfari, því fólk er orðið meðvitaðra um neyslu sína. Fólk vill taka þetta í gegn. Það kys þá að athuga fyrst hvort það geti nálgast það sem það vantar notað í staðinn fyrir að fara beint í að kaupa eitthvað nýtt,“ segir Hildur.

VISSULEGA ERU NOTUÐ FÖT LÍKA Í TÍSKU EN ÞAÐ ERU MJÖG MARGIR SEM ERU AÐ KOMA ÚT AF BREYTTU HUGARFARI AF ÞVÍ FÓLK ER ORÐIÐ MEÐVITAÐRA UM NEYSLU SÍNA.

Sumir koma daglega

Hún segir það þó eiga vel við að komast svo að orði að fólk þurfi að vera smá á tánum og tilbúið að eyða tíma í að leita uppi það sem það þarf, þegar keypt eru notuð föt.

„Margir fastakunnar koma nánast daglega og flakka jafnvel á milli búða. Það er alveg rétt að þú þarft kannski að koma í nokkur skipti til að finna gallabuxur í þínu númeri. Þannig að sumir líta eflaust á það sem einhvern tímasparnað að hoppa inn í næstu fatabúð, en það er skyndilausn. Því til lengri tíma litið hlýtur það að vera hagstæðara að finna gæðaflik sem endist lengur,“ segir hún.

Margoft hefur sú saga flogið að líkur hljóti að vera á því að starfsfólk búðanna kaupi á undan öllum bestu hnossin. Hildur Mist segir svo ekki vera.

„Þetta er gömul saga, algjörlega. Hún poppar alltaf upp reglulega, að það sé ekki jafn mikið flott eftir því starfsfólkið versli bestu vörurnar fyrst. En þetta er alls ekki þannig, maður verður eiginlega bara ónæmur, því maður er í kringum þetta á

hverjum einasta degi. Það hefði enginn pláss fyrir það ef maður myndi ætla að taka inn allar flottu flikurnar eða merkjavörurnar sem koma inn. Og kunninn sér þetta vel þegar hann kemur í búðirnar okkar, það er alltaf nóg til af einstökum og flottum vörum,“ segir Hildur Mist.

Um hundrað sjálfbóðaliðar standa vaktina í búðum Rauða krossins.

„Þetta verkefni gæti náttúrulega aldrei verið eins og það er ef það væri ekki fyrir þá. Það er alveg rosalega dýrmætt.“

Tískurit með notuð föt

Í dag kemur út blaðið Endurnýtt líf í annað skiptið.

„Fötin í tókunum fá í raun endurnýjað líf og unnið er til dæmis úr gömlum textíl. Við vinnum einmitt mikið með hönnuðum, þá kaupa þeir hjá okkur ósöluhæfar flikur og nýta hráefnið í sinni sköpun, eða uppvinna það. Þeir gefa líka því sem ekki er í söluhæfu ástandi nýtt líf.“

Nemar í Ljósmyndaskólanum sem lærðu tískuljósmyndun hjá Kára Sverris, einum farsælasta tískuljósmyndara landsins, tóku myndir fyrir blaðið.

„Ástandið vegna heimsfaraldursins litar líka myndirnar sem þau tóku, þannig þau eru líka undir áhrifum af því. Þau þurftu að aðlagast og redda sér,“ segir Hildur Mist.

Í blaðinu eru einnig viðtöl við umhverfisaktivistann Hrefnu Björg Gylfadóttur, fatahönnuðinn Darren Mark og myndlistarmann ársins 2020, Guðjón Ketilsson.

Tímaritið er hægt að nálgast á raudikrossinn.is frá klukkan 10.00 í dag, en samtímis verða flikur sem birtast í ritinu settar í sölu á sömu síðu. steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason guðaf@frettabladid.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigríður Örn Einarsson sigrifus@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is, **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

NÓA

POPPAÐU UPP TILVERUNA!



Nýr Popp Smellur með karamellubragði
sem hreinlega bráðnar í munni.

NÓADAGURINN
Poppaðasti dagur vikunnar!

BAKÞANKAR

Árna Helgasonar



Orðið er laust

Ég hef svolítið verið að velta kommentakerfum fyrir mér. Bara sem fyrirbæri. Hafa þau einhvern tímann gert einhverjum eitthvað gott? Man einhver eftir því að hafa lesið frétt á netmiðli, skrollað svo niður og lesið athugasemdir sem bæta einhverju gagnlegu við fréttina? Ég man ekki eftir mörgum slíkum tilfellum. Ég man hins vegar eftir alveg ótrúlega mörgum dæmum um að hafa lesið romsur af andstyggilegum fúkyrðum og niðurlægingu um þá sem fréttin sem snýst um. Upphaflega hugsunin var eflaust göfug, búa til vettvang fyrir umræður. Orðið var gefið laust, en reiðin og illmælgin náðu því á sitt band.

Nú er þetta orðið að einhvers konar fastri viðbót við fréttirnar. Eins og Bogi Ágústsson myndi lesa frétt í sjónvarpinu og svo yrði skipt yfir í Kringluna þar sem hljóðnema hefði verið komið fyrir á miðju gólfi og í nokkrar mínútur gætu alls konar tilfallandi gestir sagt í beinni útsendingu það sem þeim dytti í hug. Svo yrði bara skipt aftur yfir á Boga sem héldi áfram eins og ekkert hefði í skorist.

Mig langar að varpa fram þeirri hugmynd að íslenskir netmiðlar taki sig til og leggi kommentakerfin niður. Ef þeir standa saman að þessu þá þarf enginn að hafa áhyggjur af því að hans miðill sé að missa smelli eða umferð á kostnað keppinautar. Þetta yrði einfaldlega sáttmáli um að hætta þessu.

Þeir sem vilja tjá sig áfram gera það. Þeir hafa úr ótal samfélagsmiðlum að velja, þeir geta skrifað í blöðin, hringt inn í símatíma útvarpsstöðvanna og jafnvel bloggað. Eða bara talið upp að tíu og slakað á.

Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk
ON THE GO

ORKAN

SLOW COW
MIND COOLER
330 ML

299
KR/STK
906 KR/L



Kvikk
ON THE GO

ORKAN

TEMPUR

ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR ...

AÐ SOFA ER EITT
AÐ HVÍLAST ER ANNAÐ

... MEÐ 25% AFSLÆTTI Í BETRA BAKI



TEMPUR-DAGAR
25%
AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA!



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

Alþjóðleg metsölubók
Alþjóðleg og heilund bók www.orkan.is

MATTHEW WALKER
Þess vegna sofum við



Bókin Þess vegna sofum við, eftir dr. Matthew Walker, hefur slegið í gegn um heim allan. Bókin opnar augu almennings fyrir mikilvægi svefns í tengslum við heilsu, vellíðan og árangur.

Matthew Walker er prófessor við Harvard háskóla og sérfræðingur í svefni, sálfræði og taugalífeðlisfræði. Hann er virtur vísindamaður á þessu sviði og hefur birt fjölmargar ritrýndar vísindagreinar.

Þú færð bókina hjá Betra Baki, heimsending innifalin. Fullt verð: 3.990 kr.

Betra Bak verð: 3.490 kr.

TEMPUR® Hybrid
Hönnuð fyrir sneggra viðbragð



TEMPUR® Original
Hönnuð fyrir meiri stuðning



TEMPUR® Cloud
Hönnuð fyrir meiri mykt



QUICKREFRESH™ ÁKLÆÐI
Rennilás gerir það afar einfalt er að taka Quick-Refresh áklæðið af TEMPUR dýnunni og þvo.

